

Brímfaxi



Þokkalega sáttur við strandveiðifrumvarpið

Einar Helgason á Partó

bls: 6



Aflamark eða sóknarmark?

Rökin gegn sóknarmarki krufin

bls: 20



Er sjórinn að hitna eða kólna?

Hitamælingar Harfó skoðaðar

bls: 32

Tímarit Landssambands smábátaeigenda 1. tbl. 2018

“Það er miklu meira til skiptanna“

Sigurjón Þórðarson líffræðingur rekur hrakfallasögu núverandi nýtingarstefnu



ÞÚ ERT ÚR LEIK. HVAÐ TEKUR VIÐ?



LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGINGAR

Ef lífið væri leikur þá væru áföllin fljótlega gleymd. En þú færð ekki gefið upp á nýtt í lífsins leik. Hver tekur við þínum skuldbindingum ef þú þarft að sitja hjá?

Hafðu samband við Vörð og saman finnum við út hvaða líf- og sjúkdómatryggingar henta þér og þínum.

VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?

vörður



Efnisyfirlit

Ágæti félagsmaður, leiðari	2
Þokkalega sáttur við nýja strandveiðifrumvarpið, viðtal Einar Helgason á Patró	6
Þorsstofninn mælist nú mun minni – þvert á spá Hafró árið 2017	10
Alversti skilningurinn, Kristinn Pétursson	12
Á erlent vottunarfyrirtæki að stjórna fiskveiðum Íslendinga?	14
Aflamark eða sóknarmark?	20
Frumkvöðlar á mörgum sviðum	24
Það er miklu meira til skiptanna	30
Er hafið við Ísland að hlúna eða kólna?	32
Af lausatökum við fiskveiðistjórnun	34
Reykjavíkurbörn og fiskafli Íslendinga	36
Hvaða tilgangi þjóna skyndilokanir og smáfiskavernd?	42

Útgefandi: Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Axel Helgason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Harri. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang arthur@smabatar.is **Myndir:** Arthur Bogason, Magnús Þór Hafsteinsson, Alfons Finnsson o.fl. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1200 eintök. Forsíðumyndin er af Leifi Einari Einarssyni á Huld SH 76 með alvöru vertíðarþorsk úr Hvalfjarðargjánni 2018.



Ungur nemur, gamall temur

Ágæti félagsmaður

Lognmolla hefur aldrei verið í kringum Landssamband smábátæigenda. Kraftur og þor hefur einkennt starf félagsins frá upphafi og þó það hafi stundum mætt mótbyr, jafnvel hjá sínum eigin félagsmönnum, hefur LS ávallt auðnast að vinna sig í rétta átt.

Félagið hefur stöðug afskipti af málefnum sjávarútvegsins og gefur umsagnir og álit þegar eftir þeim er leitað. Oft á tíðum nægir ekki að veita umsögn heldur verður að fylgja einstaka málum eftir af krafti og ekki sleppa af þeim hendinni fyrr en þau eru komin í höfn. Á síðustu metrunum getur oft reynst erfitt að hafa áhrif þegar þau eru til lokameðferðar í nefndum Alþingis. Við slíkar aðstæður er oftast mikil tímapressa um að fá þau samþykkt og þá gjarnan sagt að hætta sé á að slíkt takist ekki ef gerðar verði frekari breytingar.

Tvö málefni smábátæigenda hafa risið hæst á undanförunum mánuðum. Strandveiðar og veiðigjald.

Við kynningu á frumdrögum að frumvarpi um breytingar á reglum um strandveiðar var tryggt að 12 veiðidagar yrðu í hverjum hinna fjögurra mánaða sem veiðarnar spanna. Einnig var tryggt viðbót við aflapottinn. Með þessa vitneskju var efnið kynnt fyrir stjórn LS, sem samþykkti einróma stuðning við það. Þegar upp kom sú staða að veiðar gætu verið stöðvaðar áður en ágúst væri liðinn var umsvifalaust boðað til fundar í stjórn LS.

Allir stjórnarmenn voru sammála um að 48 daga kerfi sem boðið væri upp á mundi bæta fyrirkomulag strandveiða að því tilskyldu að tryggt væri að dagarnir héldu. Að ekki kæmi til stöðvunar veiða ef afli stefndi í að fara fram úr því sem ætlað væri.

Fundurinn sem haldinn var 6. apríl afgreiddi málið með því að samþykkja eftirfarandi ályktun:

Stjórn LS styður frumvarp atvinnuveganefndar um strandveiðar.



APÓTEK
VESTURLANDS



Fiskifélag Íslands



**Fiskmarkaður
Patreksfjarðar ehf**



Brimfaxi

Svæðisfélög Landssambands smábátæigenda senda sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi
Smábátafélag Reykjavíkur
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum
Félag smábátæigenda á Austurlandi
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra
Smábátafélagið Strandir
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Drangey – Smábátafélag Skagafjarðar



Örn Pálsson rekur aðdraganda breytinga á lögum um strandveiðar

Það er afar jákvætt fyrir framþróun strandveiða að hægt verði að velja daga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðidagar til strandveiða árið 2018 verði 48, skipt jafnt á strandveiðimánuðina maí, júní, júlí, ágúst.

Stjórn LS mótmælir þó ákvæði frumvarpsins um heimild Fiskistofu til að stöðva veiðar stefni heildarafla í að fara umfram heildaraflaviðmiðun. Aðstæður á hinum 4 veiðisvæðum strandveiða er mjög mismunandi hvað fiskgengd snertir.

Þannig að tilraunin verði marktæk er nauðsynlegt að tryggja 12 veiðidaga á bát í hverjum mánuði á öllum veiðisvæðum.

LS leggur áherslu á að ufsi við strandveiðar telji ekki til heildaraflaviðmiðunar og að ekki verði skylt að landa honum sem VS-afla.

Þegar þetta er ritað eru 10 dagar af 16 strandveiðidögum í maí liðnir. Mikil vonbrigði eru að ekki skuli fleiri stunda veiðarnar en raun er. Væntingar eru þó um að þeim fjölgi á næstu dögum og vikum.

Miðað við aflastöðu bendir ekkert til þess að veiðar stöðvist í ágúst. Tilraunin ætti því að ganga upp og aðilar ættu því að geta sest niður í haust og ráðið í stöðuna fyrir strandveiðar 2019.

Þar eru nokkrir þættir sem til greina koma þó einn þeirra skari fram úr, sem er að strandveiðar verði án dagahindrana í 4 mánuði á ári yfir 6 mánaða tímabil.

Þannig að tryggt verði að sem bestur árangur náist í komandi viðræðum við stjórnvöld er ekkert eins mikilvægt og að menn standi saman sem einn maður í að knýja fram vellaunandi strandveiðikerfi.

Hlé var gert á störfum Alþingis 9. maí sem stendur fram yfir sveitastjórnakosningar. LS hefur í rúmt ár barist fyrir því að fá veiðigjöld lækkuð. Hljómgrunnur fyrir kröfunni hefur verið ágætur en aðgerðir hafa látið á sér standa. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis hefjast þingfundir aftur mánudaginn 28. maí og standa til þingfrestunar þann 7. júní. Enn er því möguleiki á breytingum á lögum um veiðigjald enda óhjákvæmilegt að málið komi til umræðu ef ætlunin er að innheimta þau á næsta fiskveiðiári 2018/2019. Það liggur í því að óbreytt lög heimila ekki innheimtu veiðigjalds á því ári.

Það eru LS mikil vonbrigði að veiðigjaldið hafi ekki enn verið endurskoðað. Upphæð þess fyrir afla á yfirstandandi fiskveiðiári hefur leitt til þess að aðilar í smábátaútgerð hafa neyðst til að flytja frá sér veiðiheimildir til að ná endum saman. Engan þarf að undra að þessi staða blasir við. Aðilar standa frammi fyrir margfaldri hækkun milli ára. Þar á ég við þá sem fengið hafa afslátt af gjaldinu vegna vaxtakostnaðar af lánum sem tekin voru vegna kaupa á veiðiheimildum. Þessir aðilar glíma nú við gríðarlega greiðslubyrði auk afborganir lána sem þeir fengu enga leiðréttingu á né afskriftir. Endanlegt útslag er fiskverðið sem sleikt hefur botninn síðustu misseri.

Spurning sem flestir spyrja: Hvað gerir Alþingi á þeim starfsdögum sem eftir eru?

Ég óska félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum velunnurum Landssambands smábátaeigenda til hamingju með sjómannadaginn.

Góðar stundir.

Örn Pálsson

framkvæmdastjóri

Nýju RezBoost dýptarmælarnir frá Furuno **FCV-588/628**



Gæða dýptarmælar fyrir minni báta. 8,4" eða 5,5", sérlega bjartur LCD 256 lita skjár. Sendiorkan er 600 W / 1 kW, tíðnirnar eru 50 og 200 kHz.

Hér eru á ferðinni mælar sem geta stærðargreint fiskinn með hefðbundnu botnstykki (single beam) sem áður var einungis hægt með stóru fjölgeisla botnstykki (multi beam) og því ekki verið fánlegt fyrir minni báta. Einnig er í mælinum, öflug botngreining sem greinir botninn í fjórar mismunandi gerðir; grjót, möl, sand og leir.

Nýr truflanadeyfir sem gerir það að verkum að mælirinn sýnir lóðningar nær botnstykkinu betur en áður. Þessir mælar gefa þér forskot á fiskveiðunum.

RezBoost™. Er ný merkjatækni sem Furuno hefur þróað til að geta notað venjuleg tveggja tíðni botnstykki saman með tíðnimótuðum sendipúlss "Chirp".

Mælir með RezBoost tækni gefur allt að 8 sinnum betri greiningu en eldri tækni, með hefðbundnu tveggja tíðni botnstykki

Þetta gerir það að verkum að ekki þarf að skipta um botnstykki þótt farið sé í mæli með Rezboost tækni þar sem hann getur í flestum tilfellum notað það botnstykki sem fyrir er.

NÝTT



Brimrún

Reykjavík - Sími 5 250 250 – Akureyri - Sími 5 250 260

MAREIND

 Grundarfirði
Sími 438 6611



Einar Helgason, formaður Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátæigenda í Barðarstrandasýslu

Þokkalega sáttur við nýja strandveiðifrumvarpið

Ég kom hingað yfir sumarið í strandveiði fyrir einum sjö árum og ílengdist hér á Patreksfirði. Það vildi til eftir það strandveiðitímabil að það vantaði afleysingamann hér á línubátinn Fönix BA 123 sem Hafþór Jónsson á. Ég er enn í þeim afleysingum," segir Einar Helgason og brosir við. Hann er í dag formaður Strandveiðifélagsins Króks – félags smábátæigenda í Barðarstrandasýslu. „Ég skakaði á sumrin og var á línu á veturna. Síðustu tvö sumur hef ég stundað strandveiðar á mínum eigin bát. Ég er í fullu starfi sem smábátasjómaður. Það gengur ágætlega að lifa af því ef maður er duglegur að sækja.“

Sjómaður og námsmaður

Við hittum Einar heima á Patreksfirði. „Það er mjög gott að búa á hér. Maður er mest á sjónum, bryggjunum eða á fiskmarkaðnum og þetta hentar mér ákaflega vel. Svo höfum við verið að breyta bátum og bæta yfir vetrartímam. Þetta er mjög þægilegt, verndað umhverfi fyrir áhuga-

menn um sjósókn og fiskveiðar.“ Hann er greinilega sjómaður af lífi og sál.

Það fylgir sögunni að þennan dag hafði hann risið eldsnemma úr rekkju til að fara í strandveiðiróður á bát sínum. Einari hafði legið á þennan morguninn því rétt upp úr hádegi átti hann að þreyja próf í stærðfræði. Hann varð því að vera kominn í land með skammtinn klukkan 12 til að mæta tímanlega til prófs. Það hafðist. Samhliða sjómennsku og félagsstörfum stundar hann nú nám til skipstjórnarréttinda í Tækniskólanum. Nú er vor og þá er tími prófa.

Jákvæðar breytingar

Talið berst strax að sjómennsku og útgerð. Þar eru félagsstörf og fiskveiðistjórnunin skammt undan. Einar segir að allir smábátar sem gerðir eru út frá sunnanverðum Vestfjörðum séu í félögum sem heyri undir Landssamband smábátæigenda.

Við spyrjum hann hvernig nýja strandveiðifrumvarpið sem Alþingi samþykkti í apríllok leggist í

hann. „Ég er þokkalega sáttur með það. Þetta er miklu betri útfærsla á kerfinu núna fyrir heildina en menn bjuggu við áður.“

Hann segir að verulegar breytingar séu í þessu nýja frumvarpi sem snúi að þeim sem rói á hinu svokallaða A-svæði sem nær frá sunnaverðu Snæfellsnesi og norður um að Ströndum. „Mér þótti gott hvað það var mikill stuðningur við þetta nýja frumvarp meðal félaga innan Landsambands smábátaeigenda á öðrum strandveiðisvæðum, jafnvel þótt þessi nýju lög fælu í sér fækkun sóknardaga hjá sumum þeirra. En vissulega voru deildar meiningar um einstök atriði eins og vænta mátti. Andi menn hins vegar með nefinu og skoði þetta í rólegheitum þá er ljóst að heilt yfir eru þetta jákvæðar breytingar sem gerðar voru á tilhögun strandveiðanna.“

Mikil fækkun strandveiðibáta

Sjálfur segist Einar Helgason gjarna hafa viljað sjá öðruvísi tilhögun á einstökum þáttum frumvarpsins. „Ég hefði nú reyndar viljað sjá þessa 48 daga sem bátar á hverju svæði hafa nú yfir sumarið, tryggða með einhverjum hætti. Þar meina ég að öruggt hefði verið að menn gætu nýtt þessa daga með þeim skilyrðum sem gilda varðandi þá, án þess að hafa áhyggjur af því að heildar aflaheimildir dygðu ekki til og dagar skornir niður síðsumars. Þetta voru kannski óþarfa áhyggjur því núna sýnist manni einboðið að þessi 11.200 tonna heildar aflaveiðheimildir sem settar voru í strandveiðarnar muni nokkurn veginn duga flotanum.“

Þegar Einar er spurður út í það hvað valdi þessu nýja stöðumati segir hann að svarið sé einfalt. „Það eru miklu færri sem fóru af stað nú í byrjun maí heldur en í fyrra. Þetta er eitthvað um fjórðungs fækkun hér á A-svæðinu. Við sjáum líka verulega fækkun á Norðurlandi og Austfjörðum. Vera má að einhverjir skili sér seinna í sumar en þó er ljóst að það verður örugglega fækkun báta sem fara á strandveiðar í sumar, samanborið við í fyrra. Þetta eykur auðvitað líkur á því að heildar-kvótinn muni duga fyrir sumarið.“

Einar segir að helsta skýringin á fækkun báta liggi í þróun þorskverðs. „Það sem ég heyri hjá mönnum er að það sé fyrst og fremst lélegt fiskverð í fyrrasumar sem valdi því að þeir fari ekki

af stað í ár.“ Hann segir að verðhorfur séu ekki mjög bjartar fyrir sumarið þó kannski megi greina að þau séu aðeins að færast upp á við.

Vill sjá endurbætur

Hvað sem líður sorgum manna yfir fiskverði þá ítrekar Einar skoðun sína um að strandveiðikerfið hafi nú breyst til batnaðar.

„Ég held það þetta nýja kerfi eigi eftir að koma vel út í sumar. Þó vill maður auðvitað sjá frekari endurbætur á því sem myndu gera það miklu betra. Það ætti til dæmis að leyfa mönnum að róa á sunnudögum, kjósi þeir að gera það. Fiskvinnslan óskar eftir því að þetta verði svo menn hafi aðgang að hráefni á mánudagsmorgnum. Við hérna fyrir vestan viljum reyndar meina að það eigi ekki að vera neinar takmarkanir á því hvaða daga menn geti kosið til róðra. Það væri nóg að hafa fjóra daga í viku og síðan frjálst val um það hvenær menn kjósi að nýta þá. Þetta yrði til hagsbóta bæði fyrir sjómenn og fiskvinnslu og þar með sjávarútveginn og þjóðina alla.“

Einar rekur fleiri hugmyndir sem hann segir að yrðu til bóta. „Ein er sú að menn geti valið um að fá níu eða tólf sóknardaga í mánuði. Kjósi menn níu daga þá fái þeir að taka stærri aflaskammta á hverjum degi sem nemur þeirri dagafækkun. Þetta myndi auðvelda mönnum að velja sér góða sóknardaga til róðra þar sem þeir næðu að sækja eftir úrvalsfiski fyrir vinnsluna.“

Ætla að fiska í gáma

Fiskveiðar snúast um að afla verðmæta. Því skiptir það öllu máli fyrir sjómenn og útgerðarmenn strandveiðibáta að fá sem allra best verð fyrir aflann. Léleg verð á síðasta sumri á mörkuðum hér innanlands hafa vakið hugmyndir um að sjómenn standi sjálfir fyrir því að flytja afla sinn á erlenda uppboðsmarkaði í von um að fá þar umtalsvert hærri verð. Einar tekur nú í sumar þátt í slíkri tilraun ásamt fleiri strandveiðisjómönnum sem róa frá Patreksfirði.

Hann lýsir þessu. „Við ákváðum í lok síðasta sumars að taka okkur saman og setja fisk í sjó gáma þetta sumarið og senda þá út á uppboðsmarkað. Það var nú vesen hjá nokkrum í þessum hópi að koma sér af stað nú í vor þannig að við slepptum fyrstu gámasendingunni sem var fyrirhuguð. Nú á

mánudagsmorgun í þriðju viku maímánaðar byrjuðum við að slægja og gera klárt í gám. Við töldum okkur hafa unnið alla undirbúningsvinnu. Fiskmarkaðurinn hér á Patreksfirði ætlaði að endurvíkta fyrir okkur, raða í kör og setja plasthettur yfir. Við vorum búnir að tryggja flutning til Reykjavíkur þar sem körin færu í gáma.“

Reynt að leggja stein í götu

En nú þegar menn voru lagðir af stað frá Patreksfirði í fyrsta róðurinn til að veiða í gáma kom babb í bátinn. „Klukkan níu á mánudagsmorgun var hringt í mig frá Umbúðamiðlun og mér tilkynnt að þeir ætluðu ekki að leigja okkur kör í þetta. Umboðsmaður okkar sem sér um söluna hringdi í Umbúðamiðlum. Þar fékk hann þá skýringu að nú væri verið að flytja inn í landið svo mikið af tjaldvögnum og fellihúsum að skipafélagið hefði skilið þrjú þúsund kör eftir í Þýskalandi. Þar með væri karahallæri í landinu. Umbúðamiðlun kysi því að loka á ákveðinn hóp sem væri strandveiðisjómenn á Íslandi sem væru að reyna að koma sínum fiski á markað. Þessi aðgerð gegn okkur sem þurftum aðeins nokkra

tugi kara átti sem sagt að laga karastöðuna í landinu. Á sama tíma gátu allir aðrir, svo sem kvótabátar og fiskvinnslur fengið kör að vild til að senda úr landi!“

Einar dregur ekki dul á að þarna hafi mönnum þótt sem einhver ótilgreind öfl væru að reyna að bregða fyrir þá fæti. Einhverjir kærðu sig ekki um að strandveiðisjómenn sýndu sjálfstæði og viðleitni til sjálfsbjargar með því að selja afla sinn í alþjóðlegu umhverfi á frjálsum markaði í samkeppni við kaupendur á íslenskum uppboðsmörkuðum. Uppgjöf er hins vegar enginn valkostur í þessari stöðu. „Það stendur til að fá körin leigð annars staðar og þá hjá fyrirtæki sem heitir ITub og er dótturfyrirtæki Sæplasts. Við fáum kör frá þeim.“

Strandveiðisjómenn fyrir vestan verða ekki svo auðveldlega slegnir út af laginu.

Viðtal og ljósmynd:
Magnús Þór Hafsteinnsson.



MARÁS

Míðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111



FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.



FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite



Poly Flex



Navalloy



MAESTRINI







Siglinga og fiskileitartæki



Radarskannar



Radarskjáir



Botnstykki



Sjálfstýringar



Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri



Dýptarmælir



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir á sjómannadaginn.

Þykir þér vænt um bátinn þinn?

Bjóðum upp á hágæða efni frá International



- Perfection háglansandi polyúreþanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olíueyðslu og meiri hraða
- Sjálfslípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflonefni í úðabrusum á drifsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta

SérEfni

– tæringarvörn til sjós og lands



Í stað þess að þorsstofninn sé 1,4 milljónir tonna er hann 1,07 milljónir tonna.

Þorsstofninn mælist minni – þvert á spá Hafró árið 2017

Birtar hafa verið helstu niðurstöður stofnmælinga botnfiska sem fram fór 26. febrúar – 21. mars 2018. Samkvæmt þeim eru mælingar fyrir þorsk mikil vonbrigði. Þorsstofninn hefur gefið eftir þvert á spár vísindamanna Hafrannsóknastofnunar sem spáðu 6% stækkun stofnsins, hann yrði 1.444 þús. tonn sem hefði samkvæmt aflareglu gefið 273 þúsund tonna heildarafla.

Samkvæmt frétt á heimasíðu hafogvatn.is frá 18. apríl er „stofnvísitala þorsks 5% lægri en meðaltal árána 2012 - 2017“. Segja má að þetta sé nokkuð sérstök framsetning þar sem engar tölur eru nefndar. Við að rýna í tölur úr grafi í skýrslu sem fylgir fréttinni og hér er birt bendir allt til þess að vísitalan nú hafi lækkað um hvorki meira né minna en fimmtung frá mælingum 2017. Handhægara hefði verið að veita þær upplýsingar heldur en framangreindar meðaltalsframsetningu.

Lækki veiðistofn jafnmikið og vísitalan bendir til er hætt við að leyfilegur heildaraflinn minnki um 30 þúsund tonn eða hámark þess sem má lækka milli ára samkvæmt sveiflujöfnun í aflareglu. Miðað við það gætu heimildir í þorski á komandi fiskveiðiaári orðið 11% lægri en þær eru í dag.

Eins og áður sagði eru þetta gríðarleg vonbrigði og langt í frá að búast hefði mátt við slíkum ótíðindum, fjórðungi minni veiðistofn en spáð var eða innan við 1.100 þúsund tonn.

Grafið hér að neðan sýnir hversu mikil fylgni er milli aflaráðgjafar og stofnstærðar.

Hver ástæðan er fyrir þessari miklu dýfu verður örugglega útskýrt þegar Hafrannsóknastofnun kynnir skýrslu um ástand nýttjastofna sjávar 2018.

Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að „hjá flestum aldurshópum þorsks er meðalþyngd nálægt eða yfir meðaltali rannsóknatímans. Mælingar síðustu þriggja ára sýna þó að árgangurinn frá 2015 er með þeim léttari frá 1985.“ Engu er getið um hver hugsanleg ástæða gæti verið. Árgangurinn kemur þó ekki inn í veiðistofn fyrir en á árinu 2019.


Í ástandsskýrslu stofnunarinnar frá síðasta ári var ástæða til bjartsýni. Auk spár sem áður var nefnd eru tveir góðir árgangar að koma inn í veiðina 2014 og 2015 handan við hornið. Þá voru fjórir af sex sem mynduðu megnið af veiðistofninum vel yfir meðallagi í stærð. Grafið hér til hliðar sýnir þetta afar vel.

Í skýrslu Hafró frá síðasta ári sagði eftirfarandi um stofnþróun: „Hrygningarstofn hefur stækkað á undanförunum árum og hefur ekki verið stærri í fjörutíu ár. Veiðihlutfall hefur lækkað og er það lægsta á stofnmatstímabilinu. Nýliðun hefur verið fremur stöðug síðan 1988 (að meðaltali um 140 milljónir 3 ára nýliða) en mun minni en hún

var árin 1955-1987 (meðaltal um 205 milljónir). Stækkun stofnsins er því fyrst og fremst afleiðing minnkandi sóknar. Árgangurinn frá 2013 er metinn slakur en árgangur 2014 er nálægt langtíma-meðaltali.“ Svo mög voru þau orð.

Örn Pálsson

Stofnstærð og aflaráðgjöf




Fjöldi nýliða hvers þorskárgangs á 10 ára tímabili í milljónum byggt á mælingum við 3 ára aldur. Meðaltal 155 milljónir



Árgangar:

2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015





Saga af Stjána Bjarna frá Bakkafirði

Alversti skilningurinn

Kristján Bjarnason – kallaður Stjáni Bjarna var orginal kall á Bakkafirði á mínum yngri árum. Hann var á sjó á vertíðum á vetrum og strandveiðum á Bakkafirði á sumrin. Stjáni Bjarna lagði fátt til málanna meðan málin voru rædd, en kom oft með flotta botna í lok umræðunnar.

Einu sinni voru einhverjur ekki sammála. Báðir töldu hinn vera með misskilning, - sitt á hvað. Þegar hlé kom svo í umræðuna botnaði Stjáni Bjarna snögglega; „Misskilningur, - það er einhver alversti skilningur sem hægt er að leggja í hlutina“

Hvaðan kom auðlindagjaldið

Kenningin um stærðfræðilega fiskisfræði „að draga úr veiði til að byggja upp stofninn“ (þorskstofninn) minnir mig að hafi verið forsenda auðlindagjaldsins. Lofað var af fiskifræðingum Hafró (a.m.k. frá 1983) að með því að „draga úr veiði til að byggja upp stofninn“ myndi það skila okkur 500 þúsund tonna jafnastöðuafla í þorski eftir 1990). Þetta var í upphafi forsenda umræðunnar um auðlindagjaldið.

En loforðið klikkaði – kenningin virkaði ekki. 1992 var brostið á „nútt enn verra skelfingarástand“ og nú skyldi „dregið miklu meira úr veiði til að byggja upp stofninn“ með 25% aflareglu.

Þetta gekk ekki heldur og enn verra „skelfingarástand“ mældis svo 2002 þegar 600 þúsund tonn

af þorski hurfu úr bókhaldi Hafró. Þá var enn hert á kenningunni – niður í 20% aflareglu – jafnvel enn neðar. Inn á milli komu oft fréttir um að „uppbyggingin væri að skila árangri“ og/eða „fiskveiðistjórnin væri að skila árangri“

Úr því það var jú „kominn gífurlegur árangur í þessu“ – þá varð trúlega komin forsenda fyrir auðlindagjaldinu – eða hvað?

Allavega hófst gjaldtaka af þessum „gífurlega árangri“.

Alversti skilningurinn?

1. *Miðað við ofangreint þá virðist það staðreynd að við erum að hjakka í 30-50% af þeirri þorskveiði sem var áður en farið var að „draga úr veiði til að byggja upp stofninn“.*
2. *Margar smærri sjávarbyggðir eru illa staddar.*
3. *Er þetta staða sem leyfir svo hátt auðlindagjald í ríkissjóð að margar smærri útgerðir og fiskvinnslur ramba á barmi þess að neyðast til að hætta rekstri?*

Eða eru þessi þrjú atriði hugsanlega svona misskilningur eða „alversti skilningurinn“ eins og Stjáni Bjarna botnaði svo flott forð'um daga?

Kristinn Péturson

PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án
björgunarvestis**





Fjallað um kröfur MSC vottunarfyrirtækisins

Á erlent vottunarfyrirtæki að stjórna fiskveiðum Íslendinga?

Eins og flestum er kunnugt var MSC vottun á grásleppu feld niður hinn 4. janúar síðastliðin. Vottunin hafði þá verið í gildi síðan 2014 og var sett á með skilyrðum sem þurfti að uppfylla á fimm ára tímaramma.

Í upphaflegu vottunarskýrslu MSC voru þetta tvö skilyrði sem lutu að því að athuga og minnka áhrif grásleppuveiða á smáhveli og að bæta úr gagnaöflun varðandi meðafla á fuglum og sjávarspendýrum til að geta metið hvort veiðarnar hafi áhrif á viðkomu þeirra stofna sem þar um ræðir.

Það sem fellir vottunina nú er að uppreiknaður meðafla á þrem tegundum sem fer að mati matsmanna vottunarstofunar Túns, upp fyrir varúðarmörk. Þessar tegundir eru landselur, útselur og teista. Einnig hefðu veiðar á skarfi fellt vottunina að óbreyttu því hann nær ekki upp fyrir viðmiðunarmörk samkvæmt staðlinum (80).

Varúðarmörk eru hinnsvegar hvergi skilgreind sem hlutfall af stofni eða á nokkurn annan hátt og aldrei sett í samhengi við aðrar hugsanlegar breytur í náttúrunni.

Það sem að mestu er lagt til grundvallar við mat á áhrifum veiðana er meðaflaskýrsla Hafró. Þar er niðurstaðan eftirfarandi fyrir árið 2016:

Útselur taldist árið 2012 vera að stofnstærð 4.200 dýr. Hafró telur að við veiðar á grásleppu veiðist 2.870 dýr.

Landselur sem talinn var árið 2016 vera 7.652 dýr, en Hafró telur að 672 dýr hafi verið veidd við grásleppuveiðarnar.

Teista sem var árið 2000 talin að stofnstærð 20.000-30.000 fuglar og meðafla í grásleppunet 998 fuglar.

Skarfar sem eru að stofnstærð um 39.000 fuglar. Hafró taldi 62 fugla hafa farist í grásleppunetum.

Þessar tölur frá Hafró eru byggðar á afla úr 57 veiðieftirlitsferðum Fiskistofu sem deilt er í heildarfjölda landana 2016 upp á 3.309 og fengin er úr því margföldunarstuðull sem er 62.

Samsagt 46 selir sem fengust að mestu í þremur eftirlitsferðum eru margfaldaðir með 62 og úr því verður tala upp á 2.870 dýr eins og áður sagði og því stofnin nánast þurkaður út á hverri vertíð. Í tilfelli skarfana veiddist einn skarfur sem var margfaldaður með sömu tölu og úr urðu 62 skarfar.

Ástæða þess að veiðieftirlitsferðir Fiskistofu eru notaðar, en ekki tölur úr afladagbókum sjómanna er mismunur á skráningu á meðafla þegar eftirlismaður er um borð og þegar hann er það ekki. Þessi munur er of mikill og ljóst að þarna þurfa sjómenn að bæta úr. Einnig þarf að bæta úr möguleikum sjómanna til að skila réttum upplýsingum, því ljóst er að hvorki rafrænu- né pappírsladagbækurnar gera ráð fyrir öllum þeim upplýsingum sem þarf að skrá.

Æskilegt væri að Hafró gæfi út við hvað þeir ætla að miða svo skráningar veiðimanna verði nógu góðar til að nota við skýrslugerð um meðafla.

Í skýrslu Túns þar sem vottunin er felld er fullyrt að gögn frá Hafró séu áreiðanlegri en gögn frá fuglafriðunarsamtökunum Birdlife International.

Samt velja matsmenn Túns að nota „hagstæðari“ tölur frá fuglafriðunarsamtökunum til að fella skarfinn og teistuna. Samt er vitað að engin ný gögn eru til um stofnstærð teistu síðan að vottunin var sett á og afli á teistu í grásleppunet hefði farið úr 3.568 fuglum í 998, auk þess að síðasta haust voru skotveiðar á teistu bannaðar. Þar var um að ræða árlega veiði upp á 2-3.000 fugla.

Selur hefur hingað til verið nokkurn veginn rétt-dræpur, hvar sem til hans næst. Hringormanevnd greiddi fyrir dráp á honum til þess að minnka hringorm í þorski.

Hringormanevnd var lögð niður fyrir nokkru og þá tók fyrirtækið Biopol á Skagaströnd við að greiða veiðimönnum fyrir að drepa sel með fjárframlögum frá SFS (LÍÚ). Þetta fyrirkomulag hefur farið fram fyrir augum allra sem viljað hafa




Axel Helgason formaður LS að gera klárt fyrir grásleppuvertíðina 2018

vita, en samt sem áður er eins og Hafró noti blinda augað í að skrifa skýrslur um ástand selastofnsins þegar kemur að þessum þætti. Það var núverandi starfsmaður Hafró sem lengst af veitti Hringormanevnd forstöðu.

Sé um raunverulegt vandamál að ræða varðandi fækkun í selastofnum við Ísland, væri þá ekki fyrir löngu búíð að leggja fram formlega tillögu um að beinar veiðar á sel verði bannaðar? Þegar eftir því er leitað virðast hinsvegar engar slíkar tillögur hafa komið frá stofnuninni.

Teistustofninn hefur ekki verið talinn síðan um aldamót og sú tala lá fyrir þegar vottunin var samþykkt með þeim orðum að sá fjöldi sem kæmi árlega í grásleppunet hefði ekki áhrif á viðkomu stofnsins. Þremur árum síðar erum við að veiða árlega þriðjung af því sem veitt var fyrir 3 árum en það er samt að fella vottunina.

Úr skoðanakönnun LS fyrir LUROMA 2017: Spurningin var: Fáir grásleppuafurðir frá Íslandi ekki MSC vottun á næstu vertíð (2018), hvaða áhrif hefði það á þitt fyrirtæki?



Utskýringar sem gefnar hafa verið standast enga skoðun og ljóst er að svokölluð varúðarregla gefur matsmönnum vottunarstofunar frelsi til að gera það sem þeim sýnist án rökstuðnings.

Gögn úr veiðieftirliti Fiskistofu til uppreiknings á meðafla hafa verið mörgum annmörkum háð. Það sem helst er vert að nefna er eftirfarandi:

Veiðieftirlitið hefur að mestu farið fram í upphafi vertíðar þegar tegundir eins og selur koma í mun meira magni en síðar á vertíðinni. Skráning og greining á tegundum hefur verið ábótavant og t.d. ekki greint á milli toppskarfs og dílaskarfs.

Dýpisskráningu með tilvikum hefur vantað og því ekki hægt að nota dýpistöður til uppreiknings á tegundum sem eru mjög dýpisháðar eins og t.d. teistan er.

Veiðieftirlitið hefur að hluta verið áhættumiðað með tilliti til svæða og útgerðaraðila og skekkir það myndina sem dregin er til niðurstöðu yfir heildina.

Þann 21 mars sendi LS eftirfarandi tillögur til úrbóta á framkvæmd veiðeftirlits Fiskistofu til Hafró, Fiskistofu og ráðuneytisins.

- Dýpi þarf að fylgja öllum skráningum á meðafla, hvort sem um sé að ræða sel eða fugla.
- Dýpi beggja enda á öllum trossum þarf að skrá.
- Staðsetningu á öllum trossum þarf að skrá.

- Myndir þurfa að fylgja öllum skráningum á sel og skörfum.
- Skarfa verður að skrá sem dílaskarf eða toppskarfi.
- Seli þarf að lengdarmæla og kyngreina.

LS hefur frétt af því að Fiskistofa hafi farið að flestum tillögum LS en svör bárust hinsvegar ekki.

Það er ljóst að á yfirstandandi grásleppuvertíð sem er án vottunar, er verð á grásleppu um 10% hærra en í fyrra og eftirspurnin góð. Verðum við ekki að velta fyrir okkur hver ávinningurinn er af vottunum sem geta að því er virðist verið háðar ófullnægjandi gögnum og skorti á rannsóknum, sérstaklega hvað varðar stofnstærðir. Grásleppusjómenn urðu ekki varir við hækkun á verði þegar vottunin var sett á en verða varið við hækkun þegar hún er tekin af.

Kaupandi MSC vottunarinnar á grásleppu er Iceland Sustainable Fisheries og hafa þeir skilað inn aðgerðaráætlun til að endirheimta vottunina á grásleppuveiðunum. Hún hefur verið samþykkt af vottunarstofunni en til að uppfylla hana er ljóst að aðgerða er þörf.

Í grófum dráttum er eftirfarandi lagt til:

- Bæta þarf skráningu á meðafla, samstarf og upplýsingaflæði milli veiðmanna, Hafró og Fiskistofu.
- Varðandi teistuna er lagt til að net verði ekki lögð grynna en 15 metra á svæðum þar sem vænta má teistu út frá rannsóknum.
- Varðandi skarfinn er lagt til að Hafró fari í vinnu við að skilgreina svæði sem vænta má meiri meðafla, með það í huga að loka þeim svæðum.
- Varðandi útselinn er lagt til að skilgreina svæði og dýpi sem hann veiðist á með það í huga að loka hugsanlega svæðum og/eða leyfa eingöngu veiðar undir því dýpi sem rannsóknir leiða í ljós að hann veiðist ekki á.
- Varðandi landselinn er lagt til að skilgreina svæði út frá rannsóknum um hvar vænta megi meiri meðafla sels, með það í huga að loka þeim svæðum.

DRS4D / 6A-NXT



Nýju NXT ratsjárnar frá Furuno nota nýja "solid-state" tækni og bjóða upp á fjölda nýrra eiginleika.

- X-band ratsjár með breytilegum snúningshraða, 24/36/48 RPM
- Magnetrónulausar ratsjár sem þurfa aðeins 25 W í sendiorku
- Tengjast beint við Time Zero og NavNet Touch
- Breiðbandspúls „RezBoost“ sem gefur hærri upplausn og skarpari greiningu
- Langdrægni frá 32 sml með 60sm hatti (DRS4D-NXT)
- Langdrægni frá 72 sml með val um 3.5', 4' eða 6' loftnetsstærðir (DRS6A-NXT)
- Lítar endurvarp eftir því hvort það sé kyrrstætt eða á hreyfingu
- Allt að 2° sendigeisli með DRS4D-NXT eða 0.7° með DRS6A-NXT. Þrengri geisli gefur betra langdrægi og greiningu fjær en breiðari geisli gefur betri greiningu nær
- Ferlar allt að 100 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 sml sem getur verið kostur við fiskileit



GP-3700 og GP-3700F leiðariti með innbyggðum dýptarmæli. Snjallir eiginleikar, einfaldleiki og hraði í fyrirrúmi.

GP-3700/F

- Stór 12.1" IPS LCD skjár
- Innbyggður dýptarmælir (GP-3700F)
- Sendiorka 600 W / 1 kW
- Tíðnir 50 og 200 kHz
- Stærðargreining fisks og botngreining
- Nákvæm sjókort frá MapMedia
- Innbyggður GPS móttakari
- Miklir tengimöguleikar með 3 NMEA-0183, NMEA-2000, LAN, 2 USB og skjá útgang
- Heildar minni fyrir 990,000 punkta



Það er skoðun undirritaðs að við eigum að setja vottunina á ís þangað til að við höfum betri gögn til að vinna með til að meta hvert hið raunverulega vandamál er.

Meðan veiðar á sel eru frjálssar öllum þeim sem eiga byssu, boga, kylfu eða net, þá gengur það illa upp að fækkun á sel sé í fyrsta lagi vandi sem þurfi að bregðast við og í því skyni eigi bara að fara í aðgerðir til að minnka veiðar í net.

Varðandi teistuna vantar í fyrsta lagi stofnstærðarmælingu. Sé um fækkun að ræða þarf að skoða hana í samhengi við stofnstærðarsveiflur annarra svartfuglastofna sem ekki eru að veiðast í grásleppunet. Þar nemur fækkunin á undaförnum árum 29-82% (stuttnefja 43%, langvía 29%, álka 82% og lundi 50%). Þetta eru tegundir sem koma sárasjaldan í grásleppunet.

Ég vil enda þennan pistil á stuttum hugleiðingum.

Nú eru flestar lykiltegundir sem veiddar eru á Íslandsmiðum að verða MSC vottaðar. Sú staðreynd blasir við að til MSC vottunarinnar var stofnað vegna þess að aðilar sem að því stóðu töldu að stjórnvöldum væri ekki treystandi fyrir fiskveiðistjórnuninni.

Við verðum að spyrja um stefnu stjórnvalda. Ætla þau að láta MSC eða önnur vottunarfyrirtæki stjórna fiskveiðum við Ísland?

Er ekki kominn tími til að sett verði lög um starfsemi vottunarfyrirtækja þegar þau eru orðin ráðandi um það hvort vara fái aðgang að markaði eða ekki. Lögin gætu t.d. fjallað um lágmarkskröfur til matsmanna vottunarfyrirtækja og að þeir verði gerðir ábyrgir fyrir afleiðingum þess að setja fram fullyrðingar sem standast enga skoðun.

Dæmi:

- Fullyrðingar þeirra um að teistustofninn sé minnkandi án þess að hafa neitt fyrir sér í því annað en tilfinningu eða skoðun fugla-verndunarsamtaka.
- Að nota réttar stofnstærðir og komist ekki upp með að gleyma t.d. helmingnum af skarfastofninum. Í þessu ferli er hlutverk Haf-rannsóknastofnunar ekki undanskilið.

Miðað við þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í uppreikningi á meðafla við grásleppuveiðar er klárt að setja þarf skýrar reglur um rúni á því sem frá stofnuninni fer og hagsmunaaðilar þurfa að fá fullan aðgang að öllu sem liggur til grundvallar niðurstöðum sem sendar eru til vottunaraðila.

Síðustu fréttir af kröfum frá MSC eru að taka skuli vinnuvernd inn í vottunina.

Hvaða áhrif gæti það haft á kjarasamninga ef 12-16 tíma vinna á sólarhring eins og tíðkast á stórum hluta flotans, gæti verið grundvöllur þess að fella vottun vegna vinnuverndarsjónarmiða?

Ætlum við sem fiskveiðifljóð að vera undir það seld með síbreytilegum stöðlum og auknum kröfum að tegundir sem við erum að nýta á sjálfbæran hátt séu að ógna lífríkinu og öðrum tegundum?

MSC er kynnt sem „non profit“, (rekin án hagnaðar). Samtökin innheimta engu að síður 0,5% af hilluverði vöru sem er merkt MSC.

Þar er um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Stjórnvöld verða að setja hlutina í rétt samhengi.

Axel Helgason
formaður LS



Við sendum sjómönnum, útgerðarmönnum, fiskvinnslufólki og fjölskyldum þeirra hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn!





Hvort er auðveldara að telja: daga sem má veiða, eða fiskana í sjónum?

Aflamark eða sóknarmark?

Íslenska fiskveiðikerfið, aflamarkskerfið, er löngu orðið heimsfrægt. Það er að vonum. Útsendarar stjórnvalda hafa ferðast vítt og breitt um heiminn í áratugi til að boða fagnaðararindið: einstaklingsbundnið framseljanlegt kvótakerfi sé skynsamlegasta aðferðin til að stjórna fiskveiðum.

Þessir hinir sömu prédikarar (hagfræðingar, aðallega) hafa jafnframt haft allt á hornum sér gagnvart þeirri aðferð að stjórna fiskveiðum sem sóknarmarki.

Þær röksemdir sem þessir hagfræðingar og aðrir-íslenskir fræðimenn og pólitíkusar færa helst gegn sóknarmarksstýringu eru þessar:

Sóknarmark endar ætíð með því að rýmið sem það skapar verði fullnútt. Það leiði til ofveiði, slæmrar aflameðferðar og sjósóknar í vondum veðrum.

Aflamarkið sé á hinn bóginn byggt á vísindalegri ráðgjöf sem kemur í veg fyrir ofveiði, hvetji til góðrar aflameðferðar og engin ástæða sé til að sækja takmarkaðan afla í vondum veðrum.

Þetta hljómar prýðilega.

En stenst það skoðun?

1. Rýmið sem það skapar verður nýtt til fulls.

Strandveiðikerfið á Íslandi hefur fyrir löngu sannað að þessi fullyrðing hagfræðinga er ekki pappírins virði sem hún er skrifuð á. Strandveiðikerfinu var komið á árið 2009. Nú, 10 árum síðar eru bátarnir u.þ.b. jafn margir og þá.

Samkvæmt lögum getur hver sá sem á haffæran bát og leyfi til að stjórna honum sótt um strandveiðileyfi. Á Íslandi eru til rúmlega helmingi fleiri bátar sem geta uppfyllt þessi skilyrði til að komast á strandveiðar. Þeir hafa ekki gert það til þessa.

Að auki væri áhugasömum í lófa lagið að flytja inn eða láta smíða nýja báta til að komast í veisluna. Það hefur ekki gerst. Sú fullyrðing að sóknarmarksstýring sé ávísun á óstjórn og ofveiði stenst ekki.

Annað dæmi innan íslensku lögsögunnar eru grásleppuveiðarnar.

Eins og fram kemur á öðrum stað hér í blaðinu urðu vatnaskil í grásleppuveiðum hérlendis árið 1971. Allt frá því ári hefur grásleppuveiðunum verið stýrt með sóknartakmörkunum og tillögum um kvótasetningu hafnað. Grásleppuveiðarnar eru einu veiðarnar í lögsögunni sem eitthvað kveður að og eru ekki bundnar fastbundnum aflahámörkum. Hafrannsóknastofnun gefur út tillögu að heildarveiði sem umreiknuð er í fjölda veiðidaga.

Staðreyndin er sú að til áratuga hefur sá fjöldi grásleppuveiðileyfa sem til er í landinu ekki verið nýttur. Stæðist kenning hagfræðinganna væri hvert einasta grásleppuveiðileyfi nýtt til hins ítrasta, sem og leyfilegur dagafjöldi. Hvorugt er tilfellið.

2. Sóknarmark leiðir til ofveiði.

Grásleppuveiðarnar hérlendis eru ágætis dæmi um hverskonar þvættingur þessi fullyrðing er. Þessum veiðum hefur alfarið verið stýrt með sóknartakmörkunum í á fimmta áratug og ef marka má stafkrók úr síðustu skýrslu Hafró um ástand nytjastofna, þá er ástand hrognkelsastofnsins jafnvel betra en hinna svokölluðu „helstu nytjastofna“ sem stýrt er af „vísindalegri nákvæmni“ með nákvæmri stýringu í grómmum talið.

Strandveiðikerfið er vissulega háð aflatakörkunum, en heldur engu að síður þeim möguleika opnum að þeir sem vilja láta gamla drauma rætast um skakfiskerí hafa til þess möguleika.

3. Verri aflameðferð.

Ganga fiskimenn verr um afla í sóknarmarki en aflamarki?


Í strandveiðikerfinu er dagsafllinn takmarkaður. Hvers vegna í ósköpunum ættu strandveiðimenn að finna hjá sér hvöt til að ganga verr um aflann vegna þess að þeir eru að sækja í slíku kerfi?

Margir þeir sem eru í aflamarkskerfinu róa í strandveiðikerfinu. Samkvæmt þessari speki skipta þeir um forrit í hausnum á sér um leið og þeir fara að veiða í strandveiðikerfinu.

Í upphafi kerfisins árið 2009 var vissulega úmislegt aðfinnsluvert, fyrst og fremst vegna þess að margir voru að koma nýjir inn. Þetta hefur gjörbreyst. Eftir það hafa fiskkaupendur og opinberar eftirlitsstofnanir margsinnis staðfest að aflameðferð í strandveiðikerfinu er á pari við það sem best gerist í aflamarkskerfinu. Þessi staðhæfing er ekkert annað en gróf móðgun við þá sem róa í strandveiðikerfinu.

4. Sóknarmark hvetur til sjósóknar í verri veðrum.

Fjöldi báta í strandveiðikerfinu 2009 - 2017



Þessi fullyrðing er hugsanlega sú vitlausasta af þeim sem hér eru taldar til. Þeir sem eru nógu gamlir til að muna eftir hinu svokallaða „daga-kerfi“ smábátaflotans geta borið vitni um að í því hreinræktaða sóknarmarkskerfi völdu menn af kostgæfni þá daga sem best viðraði til veiða.

Í þessu sambandi er vert að minnast atburðar sem átti sér stað fyrir allnokkrum árum, þegar það kom í fréttir að tveir bátar, báðir í aflamarki, tilkynntu á heimleið að þeir væru í vondu veðri og ströng sigling framundan. Í Morgunblaðinu kom frétt um þennan atburð og í framhaldinu var um það skrifað hvers vegna í ósköpunum viðkomandi útgerðarmenn hefðu látið sig hafa það að róa í tvísýnni spá, verandi með kvóta og því í aðstöðu til að velja góðviðrisdaga til veiðanna.

Sú vangavelta brá ekki ljósi á neitt annað en skilningsleysi á samhengi fiskveiða og uppboðsmarkaðar. Ástæða þess að viðkomandi aflamarksbátar fóru á sjó í tvísýnu var einmitt sú að fáir fóru til veiða og því myndi fást gott verð á uppboðsmarkaðinum. Þannig var aflamarkskerfið beinlínis hvati til sjósóknar í vondu veðri.

Fiskimenn, hvarvetna í heiminum liggja undir stanslausu ámæli þess efnis að þeir kasti fiski fyrir borð. Þetta er vissulega vandamál, en eru til raunhæfar úrlausnir sem koma í veg fyrir þetta? Hvort er líklegra að þeir kasti fiski í hafið, bundnir af hármörkum í kílóum talið í hverri tegund, eða í kerfi sem takmarkar tíma þeirra á sjó? Sú staðhæfing hagfræðinga og fræðimanna að sóknarmark leiði óhjákvæmilega til ofnýtingar stenst ekki skoðun. Dæmin tvö sem að framan eru talin eru síður en svo þau einu sem hægt er að tína til.



FÆRAVINDUR

TRAUST
HAGKVÆMNI
AFKÖST
ENDING





Við Austurströnd Bandaríkjanna eru stundaðar umfangsmiklar humarveiðar. Um langan aldur hafa gildirur verið eina leyfða veiðarfærið. Veiðarnar hafa verið bundnar svæðum, fjölda báta, árstíma og fjölda gildra, en ekki aflahá-mörkum. Þetta fyrirkomulag hefur ekki reynst verr en svo að ástand humarstofnana við austur-strönd Bandaríkjanna og Kanada hefur haldist gott s.l. 130 ár.

Forveri Fiskistofu var Fiskifélag Íslands. Það merkilega félag hélt svokölluð Fiskiping sem höfðu mikla vigt í umræðum varðandi sjávarút-vegsmál og ákvarðanir Alþingis þar um.

Á árinu 1986 hélt Bjarni Bragi Jónsson, þáverandi aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands erindi á Fiskipingi. Í máli sínu hélt hann því fram að kvótakerfið væri hreint og klárt hagstjórnartæki - og ekkert annað. Það voru ekki margir sem tóku mark á honum þá, en sannleikurinn kemur alltaf upp á yfirborðið, fyrr eða síðar.

Kvótakerfið hefur fyrst og fremst þjónað sem hagstjórnartæki og ekkert að gera með upp-byggingu og verndun fiskistofna.

Arthur Bogason



Mynd: Ólafur Sýrgjarn/Ólafur Þorvaldsson

Virðing | Sjálfbærni | Velferð

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnlustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngími að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afrakstur í starfsemiinni.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngírni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákni um góðar og hollar afurðir.
- virða hvert annað, einnig þá sem starfa í sjávarútvegi og í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegsins.

*Sendum sjómönnum og öllum öðrum,
sem starfa við íslenskan sjávarútveg,
kveðjur í tilefni sjómanna dagsins!*

Hafnargata 2 | 900 Vestmannaeyjar | sími 488 8000 | vsv@vsv.is | www.vsv.is

Vinnlustöðin
Vestmannaeyjum



ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



Hér er verið að meta fyrstu gráslepputunnuna á Íslandi, árið 1971

Frumkvöðlar á mörgum sviðum

Fjölskyldufyrirtækið Fiskkaup í Reykjavík og forveri þess, Jón Ásbjörnsson hf., hefur verið frumkvöðull í sjávarútvegi á ýmsan hátt. Fyrirtækið varð til dæmis einna fyrst til þess að hefja umfangsmikinn útflutning á ferskum fiski í gámum snemma á nýjunda áratug síðustu aldar og var jafnframt fyrst til þess að rjúfa einokun SÍF á saltfiskútflutningi með leyfi stjórnvalda árið 1988. Þegar umsvifin voru mest rak fyrirtækið fiskvinnslu í Ólafsvík, Grímsey og á Patreksfirði auk Reykjavíkur. Saltfiskvinnsla hefur alltaf verið meginverkefni Fiskkaupa og er enn.

Sögu fyrirtækisins má rekja allt aftur til ársins 1950, en Jón Ásbjörnsson hafði ásamt föður sínum, Ásbirni Jónssyni, rekið fiskbúð og grásleppuverkun við höfnina í Reykjavík í áraraðir. Þeir eru nú báðir látnir. Nú stjórnar Ásbjörn

sonur Jóns fyrirtækinu. Sonur hans, Ásbjörn Daníel, sem er af fjórðu kynslóðinni í þessu fjölskyldufyrirtæki, er einnig kominn þar til starfa.

Seldi grásleppu úr kerru með afa

„Frá því að ég man eftir mér vorum við að kaupa grásleppu af trillukörlum í Reykjavík. Afi seldi glænújan rauðmaga og signa grásleppu úr kerru við höfnina framan við Skeifuna þar sem nú er Hamborgarabúllan og ég var honum til aðstoðar, þá 7 eða 8 ára gamall. Pabbi var kennari á þessum árum en ég var með honum og afa á grásleppuveiðum á vorin sem unglingur og svo á færum með pabba á sumrin,“ segir Ásbjörn Jónsson í samtali við Brimfaxa.

Ásbjörn minnst þess að Jón faðir hans hafi verið mikill fiskimaður á færaveiðunum og ekki alltaf látið berast með straumnum þá fremur en síðar

meir. „Ég man að einu sinni vorum við úti á miðjum Faxaflóa ásamt fjölda annarra báta. Þá kom bræla og spáin var slæm. Allir bátarnir hættu veiðum og héldu suður til hafnar í Reykjavík, nema hvað pabbi ákvað að við skyldum halda í norður átt. Við lögðust svo í var við Malarrif í vitlausu veðri, stormi og sjóroki, og héldum þar kyrru fyrir í einn og hálfan sólarhring. Þegar lægði héldum við aðeins norðar í skjól og mokfiskuðum. Á leiðinni í land mættum við svo bátaflotanum sem var á leiðinni út á ný. Þetta var ekki fyrsta skiptið sem pabbi fór ekki að dæmi annarra, hvorki á fiskveiðum né í annarri athafnasemi.“

Starfsemin víkkar út

Að loknum menntaskóla innritaði Ásbjörn sig í viðskiptafræði í Háskóla Íslands en eftir að Jón faðir hans hætti að kenna og fór að helga sig fyrirtækinu sneri Ásbjörn baki við náminu og fór að vinna þar. Í framhaldinu fór hann í útgerðartækni í Tækniskólanum og lauk þaðan prófi árið 1983. Þá var fyrirtækið Fiskkaup formlega stofnað en áður hafði Jón Ásbjörnsson rekið starfsemina undir eigin nafni. Sonurinn Ásbjörn gekk í öll störf í fyrirtækinu. Hann var lengi vörubílsstjóri þess og sótti fisk á hverju kvöldi, mest til Grindavíkur og Þorlákshafnar. Þegar fyrirtækinu óx fiskur um hrygg flutti hann sig svo á skrifstofuna.

„Starfsemin víkkaði smám saman út. Fyrst vorum við í gömlu verbúðunum við Reykjavíkurhöfn, svo leigðum við aðstöðu á tveimur stöðum á Grandanum. Við fórum að vinna úsu og lúðu fyrir kaupanda á Billings fiskmarkaðnum í London og síðan byrjuðum við að verka saltfisk sem við seldum í gegnum SÍF. Stærsta skrefið var svo stigið þegar pabbi fór að flytja út ferskan fisk í gámum í kringum 1982. Þessi útflutningur okkar var mjög umfangsmikill í upphafi en síðan dró úr honum þegar fleiri fylgdu í kjölfarið,“ segir Ásbjörn. Því má skjóta hér inn að árið 1987 var fyrsti fiskmarkaðurinn á Íslandi stofnaður í Hafnarfirði og strax í kjölfar hans Faxamarkaður í Reykjavík þar sem Jón Ásbjörnsson var meðal helstu stofnenda.

Rufu einokun SÍF á saltfiskútflutningi

Þáttaskil urðu í starfsemi Fiskkaups þegar fyrirtækið fór sjálft að flytja út saltfisk árið 1989. Jón Baldvin Hannibalsson var utanríkisráðherra á þessum tíma og hann beitti sér fyrir því að einokun SÍF á útflutningi saltfisks yrði rofin gegn háværum mótmælum samtakanna.

„Við vorum fyrstir til þess að fá leyfi til að selja eigin saltfiskafurðir. Reyndar vorum við áður byrjaðir á þessari braut með því að flytja út ferskan flattan fisk sem var afar illa séð af sölusamtökunum. Þetta átti sér þann aðdraganda að stærsti kaupandi SÍF á Spáni varð ósáttur við SÍF og í framhaldinu gerði hann samning við okkur. Við sendum flattan fisk í heilu flugvélaformunum til Spánar þar sem hann var saltaður. Þetta stóð í tvö ár. Jafnframt var farið að flytja flattan fisk frá Íslandi til Danmerkur og Bretlands. Við stofnuðum fiskverkun í Bretlandi til þess að sinna þessu verkefni, sendum fiskinn í þekli héðan og söltuðum hann ytra. Í framhaldi af þessu fengum við leyfi til útflutnings á saltfiski eins og áður sagði.“

SÍF sætti sig afar illa við að missa einkaleyfið og það varð ansi heitt í kolunum út af þessu. Við vorum sakaðir um að skemma saltfiskamarkaðinn, einkaleyfi SÍF væri nauðsynlegt til þess að framleiðendur færu ekki að undirbjóða hvern annan með tilheyrandi verðlækkun. Þetta reyndust tómar hrakspár. Enda þótt verðið sem erlendu kaupendurnir greiddu kunni að hafa lækkað við þessa breytingu fengu framleiðendur



Úr vinnslusal Fiskkaupa við Fiskislóð í Reykjavík. Um er að ræða eina glæsilegustu fiskverkun hérlendis og þó víðar væri leitað.



Ásbjörn Jónsson og Ásbjörn Daniel sonur hans. Þar með er fjórða kynslóðin orðin staðreynd í fyrirtækinu.

á Íslandi miklu hærra skilaverð en áður, allt upp í 20-30%. Skýringin á því var sú að það fór svo mikið í milliliði og kostnað hjá SÍF. Við seldum mikið magn af saltfiski á þessum tíma, bæði okkar framleiðslu og annarra, og okkur gekk vel.“

Vinnslustöðvum fjölgað

Þegar hér var komið sögu hafði fyrirtækið vaxið mjög hratt og var komið með verkanir í Ólafsvík, Grímsey og á Patreksfirði og meira en 100 manns í vinnu um 1993.

„Við vorum víða með anga úti til þess að ná okkur í fisk en smám saman minnkaði forskot okkar samfara aukinni samkeppni um hráefnið. Það leiddi til þess að við ákváðum að kaupa okkur bát og kvóta árið 1995. Fyrir valinu varð línubáturinn Albert Ólafsson frá Keflavík sem fékk nafnið Krístrún eftir föðurömmu minni. Með útgerðinni varð reksturinn ekki eins háður innlendum fiskmörkuðum um hráefni sem þýddi jafnframt meiri stöðugleika í vinnslunni. Margir sögðu að fjárfestingin í bátnum og kvótanum væri tóm rugl, en þetta reyndist vera til góðs og við höfum verið að bæta við okkur kvóta síðan.“

Netaveiðar á grálúðu

Árið 2008 keyptu Fiskkaup bát frá Kanada sem fékk einnig nafnið Krístrún og leysti eldri bátinn af hólmi. Núi báturinn er mun stærri en sá eldri var og auk þess með frystibúnaði. Síðustu tíu árin hefur báturinn verið á netaveiðum á grálúðu

og hefur aflinn verið frystur um borð. Útgerðin hefur skipt þorskvóta út fyrir grálúðkvóta.

„Þegar við keyptum bátinn frá Kanada fylgdi með honum heilmikið úthald af netum. Þegar við fórum að prófa þau kom í ljós að það veiddist miklu betur í þessi net en í íslensku netin og var munurinn 30-40%. Þegar betur var að gáð reyndust kanadísku netin öðru vísi felld en þau íslensku. Síðan fundum við út hvernig á að fella netin og erum alltaf að læra.“ Lengi vel var Krístrún RE ein á þessum veiðum, núna eru tveir stórir bátar til viðbótar komnir á þær og ef til vill verða bátarir fjórir í sumar, að sögn Ásbjörns.

30-40% hráefnisins af eigin bátum

Er þetta ábatasöm útgerð samanborið við þorskveiðar?

„Já, hún er það en hins vegar kemur þetta niður á vinnslunni okkar í landi. Þar sem við skiptum út þorskvóta fyrir grálúðkvóta þurfum við í auknum mæli að halda vinnslunni gangandi með fiski sem við kaupum á fiskmörkuðum, auk þess sem við gerum út stóran plastbát í smábátakerfinu, Jón Ásbjörnsson RE, sem fiskar 600-700 tonn á ári. Allt í allt vinnum við úr um 4.000 tonnum af hráefni. Síðustu árin höfum við verið með Krístrúnu á línuveiðum 3-4 mánuði á ári þannig að segja má að 30-40% hráefnisins komi af eigin bátum.“

Auk þessa eru Fiskkaup í grásleppuverkun á vorin og dálítið í makrílvinnslu á haustin til þess að nýta dauða tímenn í fiskvinnslustöðinni. „Makrílvinnslan er skemmtileg en það er ekkert upp úr henni að hafa enn sem komið er að minnsta kosti. Ef hún á að vera ábatasöm þarf að keyra mikið magn í gegn á skömmum tíma en til þess þarf afkastamikinn tækjakost sem við höfum ekki yfir að ráða.“

Nefna má að Fiskkaup er með eina aukabúgrein enn sem er Fish & chips vagninn við Reykjavíkurhöfn. Þar gefst tækifæri til að selja eigin fisk beint til neytenda. Þangað fer allra besta hráefnið, að sögn Ásbjörns.

Hátt gengi allt að drepa

Hvernig gengur að láta enda ná saman í fiskvinnslunni þegar hráefni er keypt er á fiskmörkuðum og gengið er hátt?

„Það er mjög erfitt. Tap hefur verið á vinnslunni hjá okkur síðustu þrjú árin. Ég tók nýlega saman síðustu þrjú mánuðina og er rekstur vinnslunnar á núlli. Þó eru þetta jafnan bestu mánuðir ársins. Þótt sjómenn kvarti undan lágu verði á fiskmörkuðunum er útkoman samt þessi. Hátt gengi krónunnar hefur farið mjög illa með okkur og gerir enn. Þótt saltfiskverð hafi hækkað í erlendri mynt frá hrúni og sé orðið þokkalegt í sögulegu samhengi étur gengisskráninginn þann ábata upp og gott betur.

Því til viðbótar kemur veiðigjaldið afar illa niður á litlum og meðalstórum útgerðum. Ég er algjörlega á móti stefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um að eitt gjald skuli gilda fyrir alla. Stærsta vandamálið í álagningu þessa gjalds er þó það hversu ójafnt er skipt milli bolfiskveiða og uppsjávarveiða og fáránlegt að það skuli ekki hafa verið leiðrétt. Uppsjávargeirinn borgar hlutfallslega alltof lítið miðað við afkomu. Það þarf að jafna gjöldunum niður á atvinnugreinina með sanngjarnara hætti en nú er gert.“

Fjórföldun veiðigalda

Ásbjörn segir að hækkun veiðigjaldanna á þessu ári sé algjörlega út úr korti. „Sem dæmi má nefna að við borguðum 36 milljónir króna í veiðigjöld í fyrra og miðað við sama aflamagn þurfum við að borga 125 milljónir króna í ár. Þetta er næstum fjórföldun. Þar kemur annars vegar til að 50% afsláttur sem áður gildi hefur verið felldur niður og hins vegar að veiðigjöldin miðast við tölur um hag greinarinnar fyrir rúmum tveimur árum en síðan hefur afkoman stórversnað enda hefur gengið styrkst um tugi prósent. Sem sagt, á sama tíma og veiðigjöldin eru stórlega hækkuð lækka tekjurnar. Þetta er auðvitað tómt rugl og hittir okkur sem erum með litlar og meðalstórar útgerðir miklu verr en stóru útgerðirnar. Stjórnvöld fjalla nú um tillögur um að létta veiðigjöld á smærri útgerðum sem full þörf er á, en ég sé ekki að tillögurnar gagnist millistórum útgerðum eins og okkar. Þróun veiðigjaldanna leiðir bara til



Jón Ásbjörnsson og Ásbjörn sonur hans, sem nú stýrir fyrirtækinu.

enn meiri samþjöppunar í sjávarútvegi sem er ekki af hinu góða. Þau hindra að minni fyrirtæki eins og okkar geti fjárfest í nýjustu tækni og því dragast þau enn meira aftur úr. Raunar veit ég ekki hvort stjórnvöld þori yfirleitt að beita sér fyrir lækkun veiðigjaldanna. Það vill enginn stjórnmalamaður vera bendlaður við það að hafa lækkað veiðigjöld!“

Ormafiskurinn stærsta vandamálið í strandveiðunum

Þið kaupið mikið af hráefni ykkar á fiskmörkuðum. Stór hluti aflans yfir sumartímann er þá af strandveiðibátum. Deilt er um gæði þess afla. Hver er ykkar reynsla?

„Hún er misjöfn. Hvað gæðin snertir hefur meðferð og kæling aflans tekið miklum framförum frá því sem áður var. Þetta er nú í sæmilega góðu standi yfirleitt. Stærsta vandamálið við strandveiðarnar er ormafiskurinn. Hingað til hefur verið alltof algengt að menn láti sér nægja að fara bara rétt út fyrir hafnarkjaftinn til þess að ná í leyfilegan dagsafla á sem skemmstum tíma. Það getur verið ávísun á tóman ormafisk. Við höfum oft lent mjög illa í þessu. Við reynum að kaupa fisk frá stöðum og af bátum þar sem við treystum að minna sé af ormi. Gallinn er hins

vegar sá að á fiskmörkuðunum er afla af fleiri en einum báti steypst saman í eina stæðu og kaupandinn getur ekki valið af hvaða báti hann kaupir. Aðeins einn fiskmarkaður býður upp afla hvers báts fyrir sig. Við reynum að fylgjast með því hvar bátarnir eru að veiða svo hægt sé að sniðganga ormafiskinn en það er gríðarleg vinna. Mér lýst vel á þá hugmynd Axels Helgasonar formanns Landssambands smábátæigenda að komið verði upp kerfi þar sem veiðislóð bátanna er skrásett svo kaupendur viti af hvaða veiðisvæði fiskurinn kemur. Hvort það næst nú í sumar veit ég ekki.“

Saltfisk- og ferskfiskvinnsla fer ekki saman

Fiskkaup var lengi vel til húsa á hafnarbakkanum í Reykjavík en flutti árið 2009 í nýja byggingu sem sérhönnuð var fyrir starfsemina á Fiskislóð 34 á Grandanum í Reykjavík.

Þótt Fiskkaup og forveri þess hafi komið víða við í verkun og sölu á sjávarfangi hefur saltfiskverkun ávallt verið meginstoðin í rekstrinum. Á

síðustu misserum og árum hafa mörg sjávarútvegsfyrirtæki lagt aukna áherslu á vinnslu ferskra fiskafurða á þeirri forsendu að það gefi mest í aðra hönd. Ásbjörn segist ekki vera að fara inn á þá braut.

„Við vorum reyndar áður mikið í ferskum fiski en hættum því. Það fer ekki saman að vera samtímis í ferskum fiski og saltfiski. Ef teknar eru ákveðnar stærðir úr aflanum í ferskfiskvinnsluna vantar þær í saltfiskinn. Á haustin er örugglega ábatasamara að vera í ferskfiskvinnslu en þá þarf helst að landa tvisvar í viku. Fyrir saltfiskverkunina er hægt að koma með fullan bát, 100 tonn, einu sinni í viku sem er hagkvæmari útgerð. Að auki erum við ekki með nægilega mikið aflamagn til þess að standa undir kaupum á dýrum skurðarvélum fyrir ferskfiskvinnsluna. Við höldum okkur því bara áfram við saltfiskinn enda þekkjum við þá vinnslu best,“ segir Ásbjörn Jónsson að lokum.

Viðtal: Guðjón Einarsson

BJ5000EX

Handfæra vinda
Fyrsta nýngin í færaveiðum
í yfir 20 ár
Ný hönnun
Sterkari mótör
Stærri skjár

SJÓVÉLAR

Skútuvoði 12 · Sími: 553-3311 · www.sjo.is

Samferða síðan 1927



Olís hefur allt frá stofnun kappkostað að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi trausta þjónustu með sölu á eldsneyti og rekstrarvörum til útgerða. Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.





Sigurjón Þórðarson: Hvers vegna erum við að veiða mun minna en til stóð?

Það er miklu meira til skiptanna

Það má rekja upphaf núverandi fiskveiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar aftur til upphafs áttunda áratugar síðustu aldar. Aðferðin sem beitt er nú byggir alfarið á svokallaðri reiknisfiskifræði sem gengur út að ráðleggja að veiða ákveðið hlutfall af útreiknuðum veiðistofni.

Hjá stofnuninni hefur öll áherslan farið í umfangsmikla og kostnaðarsama gagnasöfnun til að fótta reiknilíkön. Það sem hefur hins vegar skort verulega á er að rannsaka veikar forsendur reiknilíkana og þegar grundvallarrannsóknir, m.a. merkingar fiska, hafa gefið til kynna að forsendur ráðgjafar standi á veikum fótum hefur þeim verið útt til hliðar.

Hugmyndafræðin gekk í megindráttum út á að friða hraðvaxta, ókynþroska smáfisk og að geyma hann í hafinu þar til hann væri búinn að taka út vöxt ásamt því draga tímabundið úr sókn.

Út frá þessari hugmyndafræði var unnið strax fyrir daga kvótakerfisins, eftir að Íslendingar voru orðnir einráðir og útlendingar farnir af miðunum. Möskvar í pokum voru stækkaðir og komið á skyndilokunum ef smáfiskur veiddist.

Fljótlega varð ljóst að friðunaraðgerðirnar skiluðu ekki tilætluðum árangri og upphófst í kjölfarið þung gagnrúni á líffræðilegar forsendur aðferðafræðinnar. Bent var á að með friðun á smáfiski hefði dregið verulega úr vaxtarhraða þar sem samkeppni einstaklinga um fæðu fór harðnandi. Sömuleiðis var bent á þá vistfræðilegu staðreynd að náttúruleg afföll dýrastofna (dauði af öðrum þáttum en veiði) væri aldrei einhver föst hlutfallstala, eins og líkan Hafró gerir ráð fyrir, heldur mjög breytileg. Það væri einfaldlega skynsamlegra að veiða þorsk sem annars dræpist af öðrum orsökum, sér í lagi ef það yki vaxtarhraða stofnsins.

Farið eftir ráðgjöfinni á tíunda áratugnum

Á níunda áratugnum, þegar ég lærði mína reiknisfiskifræði í líffræðinámi í HÍ, ríkti nokkur bjartsýni hjá sérfræðingum Hafró sem sáu um kennsluna. Stefnt var óhikað á 500 þús. tonna jafnstöðuafla í þorski og talið að það myndi með markvissri stjórnun nást innan örfárra ára.

Lykillinn að árangrinum var eins og fyrr að vernda smáfisk, draga verulega, tímabundið, úr

veiðum og herða þannig á stefnunni sem reynd hafði verið en ekki gefist vel.

Á tíunda áratugnum varð Hafró að ósk sinni og stjórnvöld fóru í einu og öllu eftir ráðgjöf hennar þó að það hefði gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarbyggðir sem treystu mjög á þorskveiðar.

Í fyrstu var talinn sjást mikill árangur af friðunaraðgerðunum þar sem aflí fór hægt og bítandi vaxandi allt til ársins 1999. Árangurinn varð þó ekki meiri en svo að aflinn var mun minni en áður en farið var að stjórna aðferðinni.

Ástandsskýrslur í kjölfarið sem boðuðu niðurskurð í aflaheimildum voru því gríðarleg vonbrigði og settu fjölmargir spurningarmerki við ráðgjöfina.

Gagnrúninni var svarað með því að í raun hefði stofninn verið ofmetinn og því veitt hlutfallslega meira en líkan reiknifiskfræðinnar gerði ráð fyrir.

Eins og fyrr var ekkert gert með gagnrúni á líffræðilegar forsendur aðferða Hafró og reyndar samin skýrsla á vegum hagfræðinga og reiknifiskfræðinga þar sem því voru gerðir skórnir að rétt væri að herða enn frekar á friðunaraðgerðunum sem augljóslega höfðu ekki skilað neinum árangri.

Farið með aflareglu niður í 20% af veiðistofni

Árangurinn lét á sér standa þrátt fyrir að farið væri eftir ráðgjöfinni. Var því ákveðið að herða enn frekar á aðferðinni sem gefist hafði svo illa með því að lækka veiðihlutfallið árið 2007 úr 25% í 20% af veiðistofni. Sumir „málsmetandi“ snillingar vildu ganga enn lengra og hætta þorskveiðum í nokkur ár. Eins og áður var ekki farið yfir líffræðilegar forsendur breytts veiðihlutfalls eða skoðuð áhrif þess á náttúruleg afföll.

Þróunin frá því að aflareglunni var breytt árið 2007 hefur að mestu leyti verið sú að stofninn hefur mælst stærri með hverju árinu með stóra eldri árganga. Við sem höfum horft á stofnþróun þorsksins út frá vistfræðilegum lögmálum höfum því búist við því þá og þegar að stofn sem væri búinn að rísa um svo langt skeið tæki að hníga.

Rallið 2018

Hafrannsóknastofnun spáði á árinu 2017 að þorskstofninn myndi halda áfram að stækka á árinu 2018, en niðurstaða vorralls Hafró 2018 gaf til kynna að stofninn hefði minnkað um 20% frá fyrra ári.

Niðurstaðan er algert skipbrot fyrir þá veiðiráðgjöf sem Hafró hefur notað á síðustu áratugum – þorskaflinn nú er ríflega helmingur af því sem hann var að jafnaði fyrir daga kvótakerfisins. Upphaflegt markmið núverandi stjórnunar var eins og áður greinir að fá jafnstöðuafli í þorski upp á 500 þús. tonn árlega og komast hjá náttúrulegum stofn- og aflasveiflum.

Frá því snemma á tíunda áratug síðustu aldar hefur verið farið nákvæmlega eftir ráðgjöf Hafró um leyfilegan heildarafla, með það að markmiði að minnkuð veiði gæfi meira seinna.

Þetta mikla bakslag í stofnmælingunni nú er það þriðja í röðinni frá því að stjórnvöld fóru að fylgja ráðgjöfinni upp á punkt og prik. Hingað til hefur það leitt til gríðarmikils niðurskurðar á aflaheimildum og óbreyttrar nýtingarstefnu. Nú við þriðja bakslagið í áralöngu uppbyggingarstarfi hljóta ábyrg stjórnvöld að fara nýjar leiðir og endurskoða veiðiráðgjöfina frá grunni.

Í öllu tali um meintan árangur af ráðgjöf Hafró er rétt að hafa í huga að meðaltalsþorskaflinn á Íslandsmiðum frá árinu 2006 er einungis 196 þús. tonn en meðaltalsafli á sjötta áratug síðustu aldar var 472 þús. tonn og á þriðja áratugnum var aflinn að meðaltali 330 þús. tonn árlega. Þessar upplýsingar ættu að segja öllu hugsandi fólki að það sé eitthvað meira en lítið bogið við núverandi ráðgjöf.

Það er mikilvægt að LS taki frumkvæðið í umræðunni sem framundan er um veiðiráðgjöfina og haldi ráðstefnu þar sem fengnir eru að umræðunni fiskfræðingar sem taka tillit til vistfræðilegra þátta. Má þar nefna Jens Christian Holst, Jón Kristjánsson o.fl.

Sigurjón Þórðarson,
líffræðingur



„Heitasta“ deilumál samtímans. En hvað segir hafið í kringum Ísland?

Er hafið við Ísland að hlýna eða kólna?

Á hverjum degi dynja á landsmönnum fréttir þess efnis að heimurinn sé að farast vegna „loftlagsbreytinga af manna völdum“. Svo massívur er þessi fréttáflutningur að ég man í svipinn ekki eftir dæmi þess að þeir sem efast um þessa risavöxnu fullyrðingu hafi komið að einni einustu athugasemd.

Undirritaður er efasemdamaður að upplagi og kaupir hvorki fullyrðingar þeirra sem halda því fram að jörðin sé að fara fjandans til vegna athafna mannsins né þeirra sem segja að allt sé í stakasta lagi.

Maðurinn er sannarlega sóði. Hann hendir rusli hvar sem hann er staddur. Í mínum huga er brúnasta umhverfisverkefni okkar tíma að safna upp draslinu eftir bestu getu ásamt því að hætta þeim ósóma að henda því þar sem við stöndum.

Ég er nógu gamall til að muna eftir því að við stoppuðum á rúntinum til að tæma úr öskubakk-anum á götuna. Ég man mætavel eftir því að umbúðir af alls kyns vörum sem keyptar voru í bílalúgunni fuku út um gluggann. Ég man einnig eftir því til sjós að öllu var fleygt fyrir borð, allt frá ónýtum togvírurum og hlerum til þess sem féll til úr eldhúsi og matsal.

Þessi botnlausí sóðaskapur er kveikjan að því að kenna manninum um allt í heimi hér sem farið hefur úrskaiðis. M.a. þess að hafið í kringum Ísland sé að hlýna.

Svo vill til að þá fullyrðingu er hægt að skoða útfrá gögnum um hitamælingar sem safnað hefur verið til langs tíma. Hafrannsóknastofnun hefur haldið utanum gögn varðandi hitamælingar sjávar, hringinn í kringum landið.

Ég fór að skoða þær upplýsingar sem Hafró veitir aðgang að á vefsíðu sinni um þessi mál. Áður en það gerðist var ég fullkomlega meðvirkur: hafið væri að hlýna við Ísland.

Á vef Hafrannsóknastofnunar er gríðarlegt magn upplýsinga um hitafar sjávar, langt aftur í tímann. Hér skal þó aðeins dvalið við það sem stofnunin sjálf kúps að birta í sínum fjölritum, þ.e. þeim sem heita „Nytjastofnar sjávar...aflahorfur“.


Hafrannsóknastofnun telur greinilega marktækast til að gefa heildarmynd af ástandi sjávar við

landið, að birta línurit af hitafari að vori á 50 metra dýpi á stöð nr. 3 sem er 20 mílur norður af Siglunesi. Sem leikmanni finnst mér þetta vel til fundið. Eftir að hafa rótað í gegnum fjölmargar skýrslur stofnunarinnar hvað þetta varðar komst ég að þeirri niðurstöðu.

Það er ekki síður spurning, hvort og þá hverjir geti fullt um hvaða hitastig sé „eðlilegt“ og það eina rétta sem sækjast skuli eftir með öllum tiltækum ráðum og stjarnfræðilegum tilkostnaði.

Arthur Bogason


Hitamælingar Hafró 1990 - 2018



Takið eftir viðsnúningnum frá árinu 2003

Þetta línurit er athyglisvert. Staðreyndin er sú að að árið 2003 virðist vera vendipunktur í hitafari sjávar við Ísland. Frá því ári hefur hafið við Ísland verið að kólna.

Hiti að vori á 50 metra dýpi 20 sjómílar norður af Siglunesi 1952 - 2018



Mynd úr síðustu skýrslu Hafrannsóknastofnunar:

Þetta línurit stinga illilega í stúf við þær fullyrðingar sem dynja látlaust úr fjölmiðlum um hlýnun hafsins. Nýjustu fréttir frá Grænlandi hvað varðar gengi grásleppuveiða við vesturströndina er að miklir kuldar hamli þar veiðum.



Arthur Bogason skrifar

Af lausatökum við fiskveiðistjórnun

Eitt það fáránlegasta sem ég hef séð á prenti s.l. þrjá áratugi er ályktun LÍÚ (skammstafað SFS) frá því í endaðan apríl sl. varðandi þær breytingar sem voru til umfjöllunar á Alþingi varðandi strandveiðar.

Þessi samtök, LÍÚ/SFS létu sig hafa það að fjalla um þetta mál eins og um væri að ræða breytingar sem myndu gjörbylta því fiskveiðikerfi sem þau hafa í rúma þrjá áratugi unnið að því að meitla í stein.

Um er að ræða í mesta lagi tvö þúsund tonn af þorski í þá hit sem þessir 6-700 smábátar á strandveiðum mega veiða þriðjung úr árinu, má til og með ágúst. Þessi örfáu tonn kalla þessi samtök „lausatök við fiskveiðistjórnun“.

Þetta eru samtökin sem fengu því framgengt fyrir stuttu að hækka hlutfall aflaheimilda sem færa má á milli ára um helming af þeirri ástæðu einni að sjómenn fóru í verkfall. Fyrir verkfallið mátti færa 15% en LÍÚ/SFS fengu því framgengt að það var hækkað í 30%. Þúsund tonn til eða frá verða hjóm eitt í samanburði. Það væri sannarlega fróðlegt að heyra fiskifræðilegu rökin sem hljóta að hafa legið að baki þessarar kröfu LÍÚ/SFS.

Þetta smáræði til handa strandveiðibátunum kalla þessi mikilfenglegu samtök auknar líkur á ofveiði og „lausatökum við fiskveiðistjórnun“. Það eru ekki til orð í íslenskri tungu til að lýsa því hverskona dæla þetta er.

Af tilkynningunni sem LÍÚ/SFS sendi frá sér telst það heldur líklegra en hitt að stofnvistfræðingur samtakanna hafi verið fenginn til að semja hana. Í henni er nefnilega fjallað um svokallaða „orðsporsáhættu“.

Stofnvistfræðingurinn varaði sérstaklega við „orðsporsáhættunni“ þegar Jón Bjarnason, þáverandi sjávarútvegsráðherra jók veiðiheimildir í skötusel um helming, í fullkominni óþökk við hann og LÍÚ. Allt reyndist þetta innantómt blaður.

Enn athyglisverðari er sú staðreynd að frá LÍÚ/SFS hefur hvorki heyrst hósti né stuna varðandi þá staðreynd að Hafrannsóknastofnun týndi 400 þúsund tonn af þorski milli togararallanna 2017 og 2018.

Hvernig í ósköpunum má það vera að samtök sem vilja láta taka sig alvarlega, þegja þunnu hljóði yfir þeirri staðreynd að eftir togararallið 2017 mældi Hafró þorskstofninn 1,356 milljónir tonn og spáði því að á sama tíma að ári (þ.e. núna) yrði hann 1,144.000 tonn, en samkvæmt sömu mæliaðferð (togararalli) ári síðar rétt druslast hann yfir milljón tonn. Hvers vegna hefur stofnvistfræðingur samtakanna ekki látið hvína í tálknum? Hvers vegna spyr hann ekki þeirrar einföldu spurningar hvort taka beri mælinguna í ár alvarlegar en þá sem framkvæmd var á síðasta ári? Hvara mælinguna væri meira að marka?

Niðurstaðan úr síðasta togararalli ætti samkvæmt öllum eðlilegum formerkjum að vera síðasti naglinn í líkkistu þessarar aðferðarfræði. Hið undarlega er að engin samtök í sjávarútvegi sjá ástæðu til að svo mikið sem ræskja sig. Fjölmiðlar ekki heldur og hvað þá stjórnmálamenn. Allir þegja þunnu hljóði. Meðvirknin er alger.

„Vísindin“ eru allsráðandi. Enginn þorir að bera minnstu brigður á niðurstöður og tillögur Hafró. „Vísindin“ eru hin nýju trúarbrögð.

Arthur Bogason



Sjómenn!

Til hamingju með daginn

Starfsfólk Ísfells óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með Sjómannadaginn.



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Hitt og þetta - fyrst og fremst til gamans

Reykjavíkurböfn og fiskafli Íslendinga

Í amstri daganna getur verið skemmtiegt að skoða hlutina frá ólíkum sjónarhornum.

Þegar fjölmiðlar mata okkur á aflatölum íslenska fiskveiðiflotans er um að ræða skraufpurran upplestur á tonnátölum. Sem er í sjálfu sér eðlilegt.



Gömlu höfnina í Reykjavík þekkja nánast allir Íslendingar og fáir staðir á landinu eru myndaðir meira af ferðamönnum. Til glöggvunar þá er þetta svæðið frá Kaffivagninum að Hörpu, þ.e. Vesturhöfn og Austurhöfn (hvorutveggja í hinu illræmda 101 póstnúmeri).

Flatarmál gömlu hafnarinnar í Reykjavík er u.þ.b. 286 þúsund m² (0,286 km²). Meðaldýpt hennar á stórstraumsfjöru er 8 metrar, sem þýðir að innan garða eru 2,3 milljónir rúmmetra af sjó. Á stórstraumsflóði (+4 metrar) eru það 3,4 milljónir rúmmetra.

Fiskafli Íslendinga fiskveiðiárið 2016/2017 var 1.120.000 tonn. Hann hefði því ekki náð því að fylla upp í helming þess sem sjórinn á stórstraumfjöru gerir og aðeins þriðjunginn á stórstraumsflóði.

Sé eingöngu litið til þorskaflans, þá hefði það tekið íslenska fiskveiðiflotann 12 ár að fylla upp í gömlu höfnina í Reykjavík með þorskaflanum á stórstraumsfjöru og 17 ár miðað við stórstraumsflóð.

Í tilefni þess að einhverjum ofbýður hversu rausnarlega strandveiðiflotanum eru skaffaðar aflaheimildir, á yfirstandandi fiskveiðiári (yfir 10 þúsund tonnum) skal bent á eftirfarandi.

Litli ferningurinn (staðsettur fyrir framan Fiskmarkaðinn) er kassinn sem þeir myndu fylla árlega. (Sjá myndina til vinstri).

Sú mynd er af hafnarsvæðinu og svo myndin hér að neðan sem sýnir hlutina í stóra samhenginu.



Á hverju ári efnir Hafrannsóknastofnun til svokallaðs togararalls. Í því eru tekin 600 tog á svæði sem er ríflega 600 þúsund sinnum stærra en gamla höfnin í Reykjavík. Að því loknu eru gefnar út lærdar skýrslur um fjölda fiskanna í hafinu í kringum Ísland. Það er ekki hægt annað en að fyllast lotningu yfir mætti vísindanna.

SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT




ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarrson	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinnson	s. 8608377	hanning@frumherji.is
Kristinn Jósep Gallagher	s. 8608370	kristinnj@frumherji.is



Frumherji
Skipaskoðunarsvið

júní 2018 Brimfaxi | 37



Ljótasti fiskur heims


Árlega koma fram tillögur um hver sé ljótasti fiskur í heimi. Samkeppnin er hörð. Nújasti kandídatinn á þessu sviði er *Lasiognathus dinema*, sem fannst árið 2010 við mat á tjóninu sem olíulekinn mikli í Mexíkóflóa það ár olli.

Kvikindið er af ætt skötusela og eins og margir frændur hans er hann með veiðistöng á hausnum sem hefur það framyfir þær veiðistengur sem mannskepnan notar að hún er þráðlaus. Sá sem rakst á þennan fisk fyrstur manna lét hafa eftir sér að svo ljótur væri hann að tilfinningin að berja hann augum væri svipuð og að keyra framhjá bíslýsi.

Gull í greipum Ægis

Fiskimenn eru sagðir sækja gull í greipar Ægis. Aflanum er vissulega breytt í „gull“ við sölu.

Hafið leynir á sér í þessum efnum, því eitt af því sem það samanstendur af er góðmálmurinn gull. Það er makalaus staðreynd, að uppleyst gull í höfum heimsins er u.þ.b. 20 milljónir tonna. Haf-rýmið er hinsvegar svo feikistört, að magnið mælist aðeins í nokkrum trilljónuðustu hlutum af hundraði. Að auki er óuppleyst gull á hafsbotni og undir honum. Enn hafa ekki fundist aðferðir til að vinna það svo það borgi sig. NOAA – Bandaríska haf- og loftlagsstofnunin hefur reiknað það út að ef allt gull yrði unnið úr höfunum og af hafsbotni, gætu 4 kg komið í hlut hvers mannsbarns á jörðunni. Það má svo velta því fyrir sér hvort það sé líklegt að farin yrði sú leið við útdeilingu þessarar auðlindar!



Stærsti foss jarðar

Fossar eru ekki bara á þurrlendi. Tæknilega eru þeir líka í höfunum þar sem kaldir og heitir sjávarstraumar mætast. Besta dæmið um þetta er í hafinu milli Íslands og Grænlands þar sem kaldur sjór úr norðri mætir Golfstraumnum. Af eðlisfræðilegum ástæðum fer kaldi sjórinn undir strauminn úr suðri. Fallhæðin er hvorki meiri né minni en 3500 metrar, en hæsti foss á landi er Englafoss í Venesúela, 979 metrar.

Vatnsmagnið í þessum neðarsjávarrisa er um 5 milljón rúmmetrar á sekúndu, sem er 2000 sinnum meira en í Niagarafossunum – þegar þeir eru í hámarki.

Til samanburðar við eitthvað sem við þekkjum hérlandis, þá er þetta 2800 sinnum meðalrennslið í Jökulsá á Fjöllum.

Stærsti foss heims er því hér rétt vestur af Íslandi.



ÍSLENSKT FISH AND CHIPS

-FLJÓTLEGT, FERSKT OG BRAGÐGOTT

Erfiður dagur að baki? Hugsanlega verið í bænum og langar að fá sér bita? Nú er hægt að fá ljúffengan, ferskan, djúpsteiktan fisk og franskar, brakandi stökkt og bragðott deigið, franskar eins og þær eiga að vera kryddaðar með ekta sjáv-arsalti.

Um aldir hafa Íslendingar lifað á veiðum og vinnslu á sjávarfangi. Þeir hafa veitt meira af þorski en hægt er að ímynda sér frá alda öðli. Í dag er svo komið að samkeppni á milli veitingastaða er geysihörð, hver bíður upp á bestu fiskréttina. Ferðamenn, jafnt sem heimamenn hafa úr mörgu að velja. Þeir sækja í ferskt fiskmeti sem aldrei fyrr. Það er ákveðin stemning að panta sér ferskan fisk niður við höfn. Fish & Chips vagnarnir hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að því að panta sér ljúffenga fiskrétti. Einfalt og þægilegt, en umfram allt bragðgóður matur á hagstæðum verðum.

Hvað er líka betra en að rölta niður á gömlu höfnina í Reykjavík, og panta Fish & Chips? Hvort heldur sem um er að ræða í hádeginu eða seinni part dags? Fish & Chips vagninn opinn og bíður gesti velkomna. Hráefnið er eins ferskt og það gerist. Mikið er lagt upp úr að bjóða upp á fyrsta flokks hráefni. Þjónustan er jafn þægileg, verðin þau sömu. Óhætt að mæla með heimsókn hvaða tíma dags sem er. Fish & Chips vagninn er að finna á tveimur stöðum í miðborg Reykjavíkur,

niður við gömlu höfnina og núna við Lækjargötu, beint á móti Tjörninni, í Mæðragarðinum, tveggja mínútna gangur frá Bankastræti.

Fish and Chips vagninn býður sínum viðskiptavinum aðeins upp á fyrsta flokks hráefni. Líklega er um 90% af þeim djúpsteikta fiski sem boðið er upp á dreginn að landi af smábátum. Eins og flestir vita er smábátafiskur einhver allra besta fiskur sem völ er á.

Verði ykkur að góðu

Icelandic Fish and Chips vagninn

Geirsgötu - Gömlu höfninnir

Mæðragarðinum- Lækjargötu

Opnunartími: 11:30 - 21:00 mán - sun

Opið frá maí til september

Erum á Facebook

Í síðasta Brimfaxa var vakin athygli á því hvernig smábátum eru látlaust fækkað innan kvótakerfisins. Viðbrögð stjórnvalda eru engin. Þróunin heldur áfram og því full ástæða tit að hamra á þessari ómurlegu staðreynd. Í síðasta tölublaði var þessi opna, en er nú uppfærð til dagsins í dag. Allir bátar bera

nafn og því eru 1043 mannanöfn hér fyrir neðan, jafn mörg og smábátarnir sem voru með valdboði settir inn í aflamarkskerfið með stórútgærðinni árið 1990. Nöfnin eru valin af handahófi úr opinberum mannanafnaskrá, en eru ekki nafnalisti yfir þá báta sem um ræðir.

1990

Hall • Valdi • Gústaf • Vilma • Diðrik • Rán • Hervar • Hafdís • Illugi • Friðþjófur • Skæringur • Heiðrún • Ebba • Steinunn • Logey • Þorfinna • Úa • Jósefina • Maren • Sía • Steina • Dalmann • Ella • Ólöf • Regína • Þorgerður • Talía • Jónas • Hálfán • Ögmundur • Heiða • Eysteinn • Hugrún • Lárus • Fönn • Addi • Sigþór • Andrés • Eir • Katrín • Áspór • Steingrímur • Berggrós • Ýmir • Rúna • Elínborg • Eiríkur • Ýr • Linda • Falur • Veronika • Ingibjartur • Röbert • Íma • Jökla • Darri • Narfi • Sigurdór • Gnýr • Ásthildur • Freysteinn • Oddný • Þorkell • Hinrik • Karólína • Rut • Marteinn • Unnur • Búi • Böðvar • Ylja • Jósep • Gaui • Hlíf • Karen • Eyvindur • Guðjón • Þuríður • Salína • Jóna • Lóa • Eyja • Rósa • Selma • Sigþrúður • Natan • Milla • Dís • Snæfríður • Begga • Nellý • Röskva • Agnar • Skírnis • Ásdís • Hængur • Bergljót • Úlfur • Guðbjörg • Ingvar • Svala • Maja • Yngvi • Valgerður • Jessý • Carl • Davíð • Ingvaldur • Sigþóra • Ylfur • Kristbjörg • Edit • Fjölnir • Þorbjörn • Páll • Vigri • Beitir • Snædís • Þorbjörg • Þorvaldur • Ingibjör • Benóný • Hlédís • Fólki • Njála • Eyþóra • Amý • Ragnar • Jökull • Kolbrún • Rafn • Finnur • Gréta • Engilbert • Sigfús • Nökkvi • Ísak • Gylfi • Númi • Vébjörg • Gullveig • Vífill • Aldís • Þorri • Ársól • Ingimundur • Bjarnhildur • Gurrý • Alfons • Valbjörn • Esjar • Nótt • Jens • Þorbergur • Harpa • Júlía • Berglind • Hrafn • Elliú • Magni • Elín • Zophonías • Sunna • Ellert • Sjöfn • Ásbjörg • Jódís • Alda • Hlín • Samson • Fura • Frigg • Hrærekur • Sturlaugur • Þórkatta • Þóll • Gunnjóna • Guðfríður • Stína • Gunnlaug • Birgitta • Salka • Ástvaldur • Hafrós • Brjánn • Oddur • Sæbjörg • Von • Kjaran • Elma • Freyja • Svana • Petrína • Áslog • Steindór • Rögnvaldur • Sandra • Ingileifur • Nadía • Dagmar • Mímir • Beta • Jakobína • Ágústa • Dúi • Ingibjörn • Þura • Sighvatur • Óskar • Ormar • Hanna • Theódór • Vordís • Björt • Týra • Muninn • Bjarni • Laufey • Sigurður • Sólva • Arnljót • Tjörvi • Bogga • Tryggvi • Hrollaugur • Friðjón • Elísa • Hafþór • Þorlákur • Ísafold • Eva • Dýri • Vesteinn • Matthías • Lúðvík • Dagbjört • Theresa • Ísey • Draumei • Húni • Bárður • Signý • Bryndís • Vilhjálmur • Mar • Hróðmar • Alice • Virginía • Jóhann • Agnes • Adam • Siguróli • Aníta • Örnólfur • Máney • Dagbjartur • Isabella • Anna • Hrönn • Gunnlaug • Björgvin • Erlingur • Ólafía • Hjálmtýr • Undína • Bessí • Sigurlaug • Heimir • Þórhallur • Sigursteinn • Gunný • Kolur • Bergsveinn • Alfreð • Líf • Guðlaugur • Þjóðólfr • Viggó • Dofri • Ísidór • Magga • Danía • Bylgja • Marel • Kristinn • Þúfa • Bjarni • Hilmir • Dögun • Árni • Gróa • Jóa • Hafþóra • Heiðrekur • Nikulás • Emelía • Marta • Clara • Huldar • Tinna • Bergþór • Skarpheiður • Mars • Maddý • Sigurjóna • Hersir • Kristján • Svavar • Ögn • Snæbjörg • Snær • Hallgerður • Þorbrandur • Hersteinn • Mír • Erna • Ellý • Viktoría • Hermann • Nikólína • Erpur • Gunnþór • Yrsa • Hermóður • Haukur • Sæmundur • Isabella • Petra • Söldís • Óðinn • Barbara • Karlotta • Arnfríður • Ólafur • Salóme • Ása • Manfreð • Rósenberg • Heba • Vopni • Líný • Áshildur • Hásteinn • Mjöllnir • Vigfús • Samúel • Rolf • Örk • Mardís • Lillý • Sigrún • Jörundur • Katla • Antonía • Styrmir • Guðbjörn • Rósi • Henning • Hallgrímur • Móey • Hróðný • Freyr • Halldóra • Völnundur • Jónatan • Óttar • Æsir • Már • Hafsteinn • Axel • Sóllilja • Arnaldur • Eirdís • Þórhildur • Úrsúla • Sara • Sindri • Örvar • Veiga • Marinó • Filippía • Víkingur • Ríkey • Þórgunna • Kveldúlfur • Marey • Sigurbjörn • Svava • Nansý • Broddi • Sigríður • Ósp • Þormar • Rannveig • Ögri • Snorri • Ragna • Rúrik • Skarphéðinn • Viðar • Flóki • Valþór • Eggert • Fannar • Tanja • Snæbjörn • Krummi • Arthur • Þorvarður • Marías • Saxi • Elísabet • Bergur • Bolli • Embla • Brynhildur • Logi • Doris • Þórdís • Kára • Njáll • Svanbjörg • Smári • Gunnbjörn • Þormóður • Sigurbjörg • Ómar • Þráinn • Ástráður • Alexandra • Hervör • Sýlvía • Hlökkver • Askja • Ottó • Indiana • Gabriela • Heiðberg • Dúna • Sesselía • Valur • Hrannar • Konný • Sophanías • Örn • Hekla • Ester • Hulda • Unnar • Hjalti • Stella • Annabella • Rúrí • Karvel • Karl • Guðni • Ísólfr • Áki • Minný • Snjólfur • Borgar • Vilborg • Gneisti • Bára • Sæþór • Arnheiður • Friðdóra • Eyrún • Rúdólf • Páley • Ingibjörg • Ásbjörn • Hreinn • Undína • Ragnheiður • Ámundi • Starri • Hólmgeir • Hallveig • Marri • Særun • Hafrún • Dúfa • Börkur • Hafborg • Guttormur • Ófeigur • Sveinbjörg • Steinar • Gunnar • Hrólfur • Veturlíði • Sigurjón • Gríma • Munda • Njörður • Otur • Friðbjörg • Blær • Egill • Boði • Sigurgeir • María • Esja • Frímann • Ellen • Mítra • Einar • Sturla • Árdís • Sófus • Andrea • Sigurbára • Þórlaug • Kalla • Irma • Mjöll • Vallý • Jósteinn • Heiðar • Neptúnus • Jóhanna • Vöggur • Finnbogi • Vikar • Víðir • Kjalur • Ásta • Gerður • Vébjörn • Hreiðar • Marsibil • Málfríður • Jói • Marel • Pálmi • Sísí • Guðá • Raket • Snæþór • Pétur • Magdalena • Dána • Nanna • Jósafat • Ver • Þóroddur • Lena • Bergþóra • Hákon • Kolbeinn • Adda • Valdimar • Fjóra • Ástríður • Henný • Ölver • Nína • Eik • Hlynur • Þórbergur • Orri • Ír • Hilma • Neisti • Kristrún • Malla • Torfhildur • Huginn • Védís • Fanney • Hafey • Halldór • Hafliði • Olga • Iða • Norma • Kristín • Júlíus • Jörgen • Perla • Hilda • Sæfríður • Sigurdóra • Hjálmdís • Vernharð • Birkir • Jón • Skjöldur • Pollý • Bogi • Helga • Ástríður • Klemeniz • Vignir • Sóley • Lotta • Steinþóra • Þrúður • Öndur • Cýrus • Gná • Rebekka • Hjörvar • Lúkas • Bettý • Högni • Þóra • Gunnþóra • Bessi • Gabríel • Lúther • Valsteinn • Klara • Christopher • Gógó • Kristófer • Gunnhildur • Hildur • Kormákur • Hrefna • Matti • Snjólaug • Rútur • Bjartur • Tóbfas • Ásgeir • Kapítóla • Bryngeir • Íris • Uggi • Björn • Blíða • Ingunn • Vera • Finndís • Ási • Ölveig • Erla • Kjartan • Allý • Friðrik • Salvör • Friðfinna • Brák • Eðvald • Nonni • Klængur • Elías • Mirra • Nóra • Rafney • Fúsi • Ásvör • Bogeý • Dúa • Daníel • Vermundur • Guðfinna • Hrund • Olgeir • Emma • Skapti • Vörður • Eglá • Saga • Frán • Tyrffingur • Braghildur • Sýlvía • Garpur • Ævar • Þorgrímur • Loftur • Mörður • Úlfhildur • Kári • Björg • Svanhvít • Sólberg • Gló • Erlendur • Guðrún • Ásrún • Hjördís • Kiljan • Guðsteinn • Rósinberg • Atla • Skafti • Veigar • Minney • Sólmundur • Elvar • Margeir • Soffía • Dýrleif • Lauga • Konkordia • Sólveig • Georg • Mari • Herbjartur • Röðull • Aspar • Fannðis • Konráð • Sigmar • Christian • Brimrún • Múli • Donna • Gissur • Herdís • Niels • Friðgeir • Herjólfur • Garðar • Hjaltey • Hróðgeir • Oddbjörg • Odda • Ylfa • Ingibergur • Friða • Goði • Árný • Eyjólfur • Karítas • Sigga • Ársæll • Sigurfinnur • Kiddý • Sigurrós • Ingvi • Hannes • Týr • Filippus • Emil • Ragnhildur • Lovísa • Eygló • Urður • Loki • Knútur • Kleópatra • Forni • Leiknir • Hjörleifur • Hrói • Torfi • Sörlí • Benedikt • Þórður • Ingólfur • Sæný • Þorsteinn • Kristjana • Rikka • Valka • Ronja • Ynja • Hödd • Dagný • Sírrý • Sæbjörn • Þórunn • Ingimar • Sigvaldi • Ína • Uni • Siggeir • Lára • Ölrun • Óliver • Áróra • Skuld • Sæunn • Órtaugur • Valgeir • Þorbjörg • Ketill • Brynja • Bjarki • Reimar • Elva • Sigtryggur • Stefni • Ólína • Ólína • Jórunn • Rita • Úlfa • Símón • Dröfn • Didda • Jóngeir • Aron • Tumi • Eiður • Guðbrandur • Valdís • Margrét • Hárekur • Jaki • Birta • Arnbjörg • Markús • Sonja • Hadda • Leifur • Patrekur • Ágúst • Sólbjörn • Kolka • Héðinn • Rafnhildur • Tóta • Guðlaug • Ída • Hnefill • Valgarð • Sunneva • Mónica • Sabrína • Yngvar • Bjartey • Guðfríður • Birna • Auðunn • Arnþrúður • Ósk • Aurora • Alexander • Dýrfinna • Gauti • Ríkhartur • Þórir • Freydís • Ninja • Brá • Arnhildur • Geir • Æsa • Marína • Friðrika • Gerða • Helgi • Agata • Silja • Þórólfr • Reynir • Dagur • Bæring • Þorgeir • Maggi • Össur • Hjálmar • Maron • Arna • Móheiður • Leó • Hilmar • Oddrún • Vilhelm • Fróði • Hlökk • Gnúpur • Björgólfur • Úlrik • Sverrir • Sædís • Vilhelmina • Flosi • Hjörtur • Brynjar • Rökkvi • Sigurdís • Guðjóna • Andri • Gyrðir • Mikael • Svandís • Skúli • Gunnþóra • Kata • Guðvín • Stefanía • Kirstín • Guðmundur • Maríó • Jóel • Þengill • Uglá • Birgir • Lýður • Kristjón • Jörfi • Silka • Dögg • Jenni • Salbjörg • Núi • Máni • Fífa • Vinný • Gísli • Sigurlína • Magnús • Mínerva • Sigursveinn • Rögn • Sólrún • Eyþór • Aðalsteinn • Rún • Ásgrímur • Hörður • Matthildur • Þórgunnur • Bergey • Trausti • Haraldur • Högna • Hreggviður • Björk • Zakarías • Súsanna • Markþór • Jörmundur • Pamela • Arndís • Góa • Jakop • Þór • Auður • Ásmundur • Diljá • Muggur • Magnea • Sævör • Guðgeir • Stefán • Sveinbjörn • Bríet • Bella • Hringur • Aðalbjörg • Svanur • Vatnar • Lísá • Lýdía • Baldvin • Sigurveig • Frosti • Ingi • Sólvi • Borgþór • Fjalur • Ívar • Sif • Hafbjörg • Ari • Kría • Eydís • Hera • Dóra • Ægir • Elmar • Þorgils • Hrafney • Guðný • Höskuldur • Steinvör • Elfa • Enok • Pála • Hrómundur • Garri • Baldur • Kara • Svanlaugur • Snælaug • Glúmur • Albert • Arney • Runólfur • Snæhólm • Örlygur • Berta • Gígja • Jóhannes • Melkorka • Helena • Sæberg • Þorfinnur • Þórey • Þórhalla • Atli • Þórunna • Silla • Barði • Valtýr • Arngrímur • Vestar • Vagn • Svanhildur • Jenný • Pálína • Oddgeir • Lína • Inga • Stórolfr • Drífa • Tómas • Áskell • Borg • Úlfliótur • Úlla • Auðbjörg • Metta • Annalísá • Bjargey • Indriði • Unna • Una • Þórarinn • Hrafnhildur • Sævar • Snævarr • Unnsteinn • Hrafnkell • Dóri • Rafnar • Rúnar • Herborg • Lukka • Thelma • Alma • Gauja • Kolfinna • Tara

Fjöldi nafnanna hér að neðan tákna þá 60 smábáta sem enn tóra í aflamarkskerfinu síðan 1990. Að óbreyttu verða þeir horfnir innan fárra ára. Það er með ólíkindum að „besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi“ hafi á 28 árum nánast útrýmt þeim hluta fiskveiðiflotans sem eyðir minnstri orku til veiðanna

og valda minnstu raski í hafrýminu. Nákvæmlega sama þróun á sér stað í krókaafلامarkinu. Nú hafa verið settar fram kröfur um að sameina krókaafلامarkið aflamarkinu. Er ástæða til að ætla að örlög þeirra aflaheimilda verði með öðrum hætti en hér kemur fram?

2018

Rán

Steina

Aldís

Fönn

Ýmir

Rúna

Jökla

Hængur

Freysteinn Jóna

Ingibjörn

Hrafn

Þöll

Áslaug

Dúi

Friðjón

Húni

Alfreð

Marta

Anna

Dofri

Ása

Svava

Flóki

Doris

Gyrðir

Arnaldur

Sóllilja

Hervör

Sæþór

Dúfa

Sturla

Víðir

Nanna

Malla

Ver

Birkir

Bettý

Högni

Hrefna

Kári

Donna

Sigmar

Urður

Ríkka

Örlogur

Úlfa

Ágúst

Guðríður Helgi

Björk

Zakarías

Frosti


Diljá

Silka Eyþór

Guðný

Garri

Helena



Umfjöllun: Skyndilokanir og undirmálsaflí

Hvaða tilgangi þjóna skyndilokanir og smáfiskavernd?

Hinn mikli fjöldi skyndilokana sem framkvæmdur var sumarið 2015 fór varla fram hjá mörgum landsmönnum. Eftir hádegisfréttir ríkisútvarpsins var að jafnaði þulinn langur pistill yfir skyndilokanir hringinn í kring um landið, aðallega vegna handfæraveiða. Enn er hangið við sama heygardshornið.

Ástæðan var nánast undantekningalaust hlutfall smáþorsks í afla.

Í kjölfarið kviknaði umræða meðal smábátáeigenda um þá aðferðafræði sem notuð er við skyndilokanir. Þannig gerist af og til að einn bátur, eða sárafáir, veiða á tilteknu svæði og við skoðun eftirlitsmanna kemur í ljós að hlutfall undirmálsafla einhvers þeirra er yfir viðmiðunar-mörkum Hafró sem fyrir þorsk eru 25% í fjölda fiska (þorska) styttri en 55 sm.

Mörgum finnst þessi aðferðafræði úr sér gengin. Í framkvæmdinni er veruleikinn sá að öllum sem stunda samskonar veiðiskap bannaðar veiðar á viðkomandi svæði.

Þetta er sambærilegt við það að t.d. sá sem þetta ritar væri staðinn að því að keyra fullur,

sektaður og sviptur ökuréttindum - og á sama tíma myndu allir landsmenn með samskonar bílpróf missa ökuskírteinið og sektaðir. Önnur samlíking getur verið sú að einhver asnaðist yfir á rauðu ljósi á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og í kjölfarið yrði báðum þessum stofnbrautum lokað í 5 km í báðar áttir í tvær vikur eða svo.

Það er vel þekkt meðal handfæramanna að langstærstur hluti smáþorsks lifir af að vera dreginn af grunnu vatni. Örlítil talning sem framkvæmd var í fyrrasumar leiddi í ljós að vel yfir 90% af þeim þorski sem fór í sjóinn af króknum synti annað hvort samstundis niður eða eftir smávægilegt hik. Múkkinn náði langt innan við 10%, þótt hann gengi hart fram. Þetta þýðir að handfæramenn hafa öll færi til þess að forðast skyndilokanir.

Þá vita veiðimenn mætavel að innan svæðis getur fiskur verið af ýmsum stærðum og sumstaðar aðrar tegundir sem koma málinu ekkert við en gætu verið eftirsóknarverðar.

Á aðalfundi Landssambands smábátáeigenda í október sl. var sú hugmynd sett fram í umræðum

að í stað núverandi fyrirkomulags við skyndilokanir verði bátum sem staðnir eru að því að landa afla sem stenst ekki viðmiðunarmörk gert að halda sig frá viðkomandi svæði í tiltekinn tíma. Þannig verði refsiframkvæmd færð til þess sem þekkist allstaðar annarsstaðar í réttarkerfinu – þeir sem virða reglurnar eru látnir í friði en brotlegum hegnt.

Beintengt þessari umfjöllun er sú staðreynd að skilgreining stjórnvalda á undirmálsafla er í verulegu ósamræmi við þau viðmiðunarmörk sem Hafró notar á skyndilokunarvaktinni. Annars vegar miða stjórnvöld við hlutfall af afla í þyngd, en Hafró miðar við fjölda fiska.

Samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni er undirmál skilgreint sem þorskur og ufsi styttri en 50 sm og úsa styttri en 45 sm.

Heimilt er að koma með allt að 10% af viðkomandi tegundum úr hverri veiðiferð undir þessum mörkum og dregst þá sá hluti aflans aðeins að hálfu frá aflamarki.


Á sama tíma gefur sjávarútvegsráðuneytið út leyfi til Hafrannsóknastofnunar til að beita viðmiðunarmörkum fyrir skyndilokanir sem miða, eins og að framan segir, við 55 sm þorsk og að hlutfall heildarfjölda í afla fari ekki yfir 25%.

Þetta veldur iðulega misskilningi. Þrátt fyrir talsverða eftirgrennslan var hvergi að finna neina skýringu á þessu misræmi. Hjá skyndilokunarvakt Hafró fengust þær upplýsingar að ástæður þess að þar á bæ sé miðað við 55 sm væru annarsvegar hvað atvinnugreinin vill fá í land og hinsvegar til að vernda tiltekinn árgang í stofninum.

Ekki bætir úr skák að þegar fiski er landað á uppboðsmörkuðum er í raun hvorugt til viðmiðunar. Þá er flokkun hvers og eins látin ráða, en „léttasti“ flokkurinn er 1,3-1,7 kg af slægðum og óslægðum fiski. Hver einasti veiðimaður veit að fiskar eru ærið misjafnlega á sig komnir og 50 sm fiskur getur þess vegna verið þyngri en 55 sm fiskur og 1,3 kg fiskur getur verið lengri en 1,7 kg fiskur.

Hinn viðtekni „sannleikur“ er sá að með því að „vernda ungvíðið“ sé verið að tryggja framtíð fiskveiðanna. Til sanns vegar má færa að ef allt ungvíðið yrði þurrkað upp myndi fljótlega hægja mjög á löndunarkrönum hafnanna.

Þorskstofninum bjargað



Mikið fyrir litlu haft. Svona líti það út ef 100 smábátar myndu ekki gera neitt annað en liggja í smáfiskinum

Hvaða tilgangi þjóna skyndilokanir?

Það er hinsvegar ekki úr vegi að skoða tölur í þessu sambandi og hvaða vægi allar skyndilokanirnar hafa í viðhaldi þorskstofnsins.

Einu tölurnar sem til eru og eiga að sýna fjölda einstakra árganga þorskstofnsins er að finna í hinum árlegu skýrslum Hafrannsóknastofnunar um nytjastofna og aflahorfur.

Í fjölríti Hafró 2015 - nr. 182 eru tölurnar yfir alla árganga frá 1 -14 ára sl. 60 ár – 1955 - 2015. Samkvæmt töflunni (bls. 138) samanstóð þorskstofninn 2015 af rúmum 960 milljón einstaklingum af þessum árgöngum. Það vantar, samkvæmt þessu, engin ósköp uppá að 1 milljarður eins til fjórtán ára þorska hafi svamlað við Íslandsstrendur á árinu 2015.

Hafrannsóknastofnun skilgreindi fyrir löngu að „viðmiðunarstofn“ þorsks teldist 4 ára fiskar og eldri. Samkvæmt 2015 skýslunni voru þetta tæpar 382 milljónir þorska, þar af 143 milljónir 4 ára, eða 37% af heildinni.

Við handfæra- og línuveiðar sér krókastærðin að mestu fyrir því að 1 og 2 ára þorskur veiðist sára lítið. Þegar sá guli nálgast eða hefur náð 3 ára aldri hefur honum hinsvegar vaxið talsvert fiskur um hrygg og því erfiðara að forðast hann. Togaramenn þekkja hið sama, 3 ára þorskar smjúga ekki möskva eins léttilega og þeir yngri. Hafró reiknaði að á árinu 2014 hafi fiskveiðiflotinn veitt tæplega 5,3 milljónir 3 ára þorska. Miðað við töfluna á bls.

133 í sama hefti, voru þetta tæp 6.500 tonn, eða tæp 3% af heildaraflanum í þorski árið 2014 í tonnum talið, en tæp 9% af fiskafjöldanum í afla. Seinni talan kann að virka nokkuð há en er aðeins 2,9% af 3 ára þorskinum 2014.

Þrátt fyrir að 3 ára þorskur leggi umtalsvert til í heildarafla (á árinu 2014, næstur á eftir 4-7 ára þorski í fjölda), er árgangurinn ekki talinn hluti „viðmiðunarstofnsins“ sem í daglegu tali kallast „stærð þorskstofsins“. Það munar um minna. Hafró mat þorskstofninn í ársbyrjun 2015 um 1,3 milljónir tonna – en 3ja ára þorskur myndi bæta um 230 þúsund tonnum þar við, væri hann talinn með.

Einn af hornsteinum hinnar „sjálfbæru“ íslensku fiskveiðistefnu sem Íslendingar eru óþreypandi að ota að blásaklausu fólki út um allan heim, er smáfiskavernd, skyndilokanir ásamt varanlegum lokunum með reglugerðum. Það er í meira lagi athyglisvert að skoða yfirlitsmyndina sem birtist hér með þessum skrifum.

Myndin sýnir skyndilokanir á tímabilinu 1. maí – 31. ágúst á árinu 2015. Samtals voru þær 62, 47 vegna handfæraveiða, 14 vegna línuveiða en aðeins 1 vegna togveiða. Það vekur óneitanlega athygli hversu fáar skyndilokanirnar eru vegna

togveiða. Sé árið skoðað til 13. nóvember (140 skyndilokanir) eru þær aðeins 7 og þá fyrst og fremst vegna smáufsa í afla. Í ljósi þess sem að framan er rakið, er eðlilegt að skoða hversu miklu er verið að bjarga af ungvíðinu með þeim fjölda skyndilokana á handfæri á nýliðinni strandveiðivertíð. Hér er ekki tekin afstaða varðandi „smáfiskadráp“, en til eru þeir fiski-fræðingar, héraendis sem erlendis, sem eru með öllu ósammála Hafró í þeim efnum. Undirmálsaflinn samanstendur af 3 ára fiski og yngri. Samanlagður fiskafjöldi 2 og 3 ára þorsks er 304 milljónir fiska. Til að gæta allrar sanngirni skal helmingurinn af 2 ára fiskinum dreginn frá þannig að þá standa 223 milljónir fiska eftir. Lausleg athugun á fjölda þeirra handfærabáta sem hugsanlega hefðu haldið áfram að róa á svæðin, hefði þeim ekki verið lokað, bendir til að þeir gætu verið um 100. Það er með öllu útilokað að áætla hversu oft hver og einn hefði haldið uppteknum hætti, þar sem veður og fleira ráða miklu og oftast öllu þar um. En til að búa til einhverja mynd skal notast við meðaltalstölur úr strandveiðunum sl. sumar. Meðalfjöldi róðra var 24 og meðalafli í róðri 575 kg.



Umbúðamiðlun ehf

s: 555 6677

umb.is

Óskum sjómönnum til hamingju með daginn



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir í tilefni sjómannadagsins



Brimfaxi sendir félagsmönnum Landssambands smábátæigenda sem og landsmönnum öllum bestu óskir í tilefni sjómannadagsins.



OFHLEÐSLA BATAIA

Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.

Samgöngustofa 
og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda